



ÁRSSKÝRSLA 2024

Stígamót

TIL STAÐAR Í 35 ÁR

Ritstjórn:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:

Anna Þóra Kristinsdóttir

Texti í textahluta:

Hjálmar Gunnar Sigmarsson
Svandís Anna Sigurðardóttir
Drífa Snædal

Textabrot með reynslusögum eða kveðjum til Stígamóta eru fengin úr innsendum erindum úr verkefninu „Hjálpaðu okkur að skrifa söguna“ í tilefni 35 ára afmælis Stígamóta. Fólki gafst kostur á því að senda inn frásagnir, upplifanir eða skoðanir á starfi Stígamóta síðustu áratugi. Alls bárust 25 erindi og er hluti þeirra birtur í þessari skýrslu.

Prófarkalestur:

Drífa Snædal
Anna Þóra Kristinsdóttir

Forsíðumynd:

Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Umbrot og prentun:

Prentmet Oddi



Efnisyfirlit

Um ársskýrslur Stígamóta	5
Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta.....	6
Stígamót í 35 ár!.....	8
Þjónusta við brotapolá	10
Samtal við samfélagið	12
Erlent samstarf	15
Ráðstefna: Réttlæti eftir ofbeldi	16
Vændi.....	17
Klám.....	18
Fjármál og skipulag Stígamóta	20
Sjúkást.....	23
Sjúkt spjall	25
Styrktaraðilar.....	28
Tölulegar upplýsingar	33
Grunnupplýsingar.....	34
Lýðupplýsingar um brotapolá	42
Um ofbeldisverkin.....	46
Afleiðingar kynferðisofbeldis.....	55
Kynjamunur á kynferðisofbeldi og afleiðingum þess fyrir brotapolá....	60
Upplýsingar um þá einstaklinga sem beittu kynferðisofbeldi.....	68
Kærð mál	80
Aðstandendur	82

Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 35. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir hugmyndafræðinni að baki starfinu, sjálfshjálparstarfinu, fjáröflun, fræðslu, forvörnum og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir, stofnandi Stígamóta en hún lést í upphafi árs 2024 og verður framlag hennar til baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi seint ofmetið. Þau tölulegu gögn, sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvægt hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðla-umfjöllun auk þess sem þau eru starfsfólki Stígamóta leiðarljós við forgangsroðun pólitískra verkefna.

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Stofnun Stígamóta

Hinn 8. mars 1989, á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum þennan dag, en þar var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu, heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi, og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast og þaðan sem leiðirnar geta verið margar, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi, hin eldri sé heilinn á bak við tilurð Stíga-

móta. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvennahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið. Árið 2023 kom út ævisaga dr. Guðrúnar „Ég verð aldrei ungfrú meðfærileg“ en Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir skráði söguna listavel. Þar er meðal annars fjallað um upphafsár Stígamóta.

Hugmyndafræðilegur grunnur

Frá upphafi hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun. Karlar eru oftast en ekki í valdastöðu gagnvart konum, kvárum og börnum, ófatlað fólk í valdastöðu gagnvart fötlðuðum fólki, innlendir gagnvart fólki af erlendum uppruna o.s.frv. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, í miklum mæli karlar sem beita konur, kvár og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjamisréttis.

Á Stígamótum er litið svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórntæki til þess að ná valdi yfir þolanda sínum. Markmiðið er að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form



Dr. Guðrún Jónsdóttir eldri var eldhuginn á bak við stofnun Stígamóta og fyrsta talskonan (til vinstri á myndinni). Hún lést í byrjun árs 2024 en nánar er fjallað um hana síðar í þessari skýrslu. Annar eldhugi og alnafna Guðrúnar Jónsdóttur tók við hlutverki hennar sem talskona og lagði þung lóð á vogaskálar baráttunnar gegn ofbeldi og uppbyggingu Stígamóta. Brotapolar á Íslandi og samfélagið allt á þessum Guðrúnum Jónsdætrum mikið að þakka.

ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona, og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Kynjafræðilegar kenningar marka einnig viðhorf og grunn-gildi í starfi með þeim sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða sjálfshjálparhópum. Femínísk viðhorf fela í sér þau megingildi að líta ekki á þau sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.

Starfsemin

Vinnan á Stígamótum skiptist í grunninn í tvennt, þjónustu fyrir brotapolu kynferðisofbeldis annars vegar og hins vegar fjölbreytt pólitískt samfélagsstarf. Áherslan í þjónustunni við brotapolu er að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum.

Frá upphafi hafa Stígamót lagt kapp á það að þróa starfsemina á þann veg að ólíkir hópar brotapolu upplifi sig velkomna, og má þar meðal annars nefna karla, fatlað

fólk, hinsegin fólk og fólk af erlendum uppruna. Jafnframt hafa Stígamót boðið upp á ráðgjöf á ýmsum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við sveitarfélög á þeim svæðum. Öll ráðgjafarþjónusta Stígamóta er ókeypis og því á færi allra að sækja hana, óháð efnahag. Stígamót eru stofnaðilar að Bjarkarhlíð sem er lágþröskuldaúrræði fyrir brotapolu ofbeldis byggt á hugmyndafræði „family justice center“, en Drífa Snædal er fulltrúi í stjórninni og Hrafnhildur Sigmarsdóttir varafulltrúi. Bjarkarhlíð er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Félags- og vinnu-markaðsráðuneytisins, Dómsmálaráðuneytis, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennaráðgjafarinnar. Bjarkarhlíð tók formlega til starfa 1. febrúar 2017. Síðustu tvö ár hefur viðbragðsteymi mansalsmála verið starfrækt innan Bjarkarhlíðar og fulltrúi Stígamóta átt sæti í því, fyrst Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir og síðar Drífa Snædal. Á árinu 2024 fékkst þó fjármagn til að ráða sérfræðing í mansalsmálin og teymið var í kjölfarið leyst upp. Sérfræðingurinn er ráðinn til tveggja ára og á að halda utanum þau mansalsmál sem upp koma og kalla til þau sem þurfa þykir í hverju máli fyrir sig. Pólitískt starf Stígamóta er hugsað sem framlenging af þjónustu við brotapolu. Þannig notum við þekkingu sem við fáum frá brotapolum til að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu og gera samfélagsbreytingar í þágu brotapolu. Þetta gerum við með margskonar fræðslu, námskeiðahaldi, forvarnaverkefnum og samstarfi við önnur félagasamtök og stjórnvöld. Stígamót eru málþípa brotapolu.

Stígamót í 35 ár

Stígamót fagna 35 ára afmæli sínu hinn 8. mars 2025 en samtökin eru meðal elstu samtaka hér á landi sem berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Það hefur alltaf verið stór hluti af vinnu Stígamóta að taka virkan þátt í baráttunni og leiða hana oft og tíðum. Björg Guðrún Gísladóttir hefur tekið þátt í störfum Stígamóta nánast frá upphafi en hún sótti sjálf þjónustu sem brotaboli fyrstu árin. Árið 1992 hóf hún að leiða sjálfshjálparhópa innan Stígamóta en síðustu 25 árin hefur hún starfað sem ráðgjafi á Stígamótum. Björg lét af störfum í upphafi árs 2024 til að helga sig ritlist. Hún hefur gefið út bækur þar sem hún segir sögu sína og hafa þær haft mikil áhrif á samfélagsumræðuna. Björg er að öllum líkindum sú kona sem hefur starfað lengst í málaflokki kynbundins ofbeldis hér á landi og þau sem notið hafa ráðgjafar hennar skipta hundruðum. Við tókum Björgu tali í tilefni af afmæli Stígamóta og tímamótunum í lífi Bjargar.

Hvað hefur breyst í baráttunni gegn ofbeldi síðustu 35 árin?

Í byrjun þegar Stígamót opnuðu formlega árið 1990 var einstaklega mikil þöggun í kringum allt kynferðisofbeldi og brotabolar lifðu lífi sínu í djúpri þögn. Almennur talaði um að á Stígamótum væru stundaðar nornaveiðar. Okkur starfskonum Stígamóta fannst skiljanlegt að almenningur vildi frekar að það væru snarbrjálaðar konur í Stígamótum en að nágranninn væri mögulega kynferðis-brotamaður.

Í dag 35 árum seinna er kynbundið ofbeldi meira viðurkennt sem vandamál og brotabolar eru sýnilegri en áður. Upplýsingar um afleiðingar ofbeldis eru aðgengilegri en

áður fyrr þegar alnetið var ekki til. Metoo byltingin hafði mikil áhrif og má segja að hún hafi lyft lokinu að einhverju leiti af ormagryfjunni sem Stígmót hafa verið að róta í gegnum 35 ár. Í hrárrí grasrótinni þurfti nefnilega að róta og moka endalaust til að gera kynferðisofbeldi sýnilegt og á kvennahreyfingin sem ruddi brautina svo mikið þakklæti skilið.



Hvaða áhrif heldurðu að Stígamót hafi haft?

Opnun Stígamóta skiptu sköpum fyrir brotapolu kynferðisofbeldis. Loksins staður sem brotapolar gátu leitað til og sett orð á kynferðisofbeldið og fengið skilning á afleiðingunum. Staður þar sem var pláss fyrir allar tilfinningar og manneskja til staðar sem hlustaði og gat haldið á ofbeldissögunni og sagt brotapolu að kynferðisofbeldi er ófyrirgefanlegur glæpur og brot á lögum. Þannig er það ennþá og það hefur alltaf verið baráttuandi í Stígamótum sem hefur svo sannarlega skilað sér til samfélagsins með fræðslu um hvað afleiðingar af kynferðisofbeldi geta verið alvarlegar.

Á Vesturgötunni þar sem Stígamót voru fyrst til húsa var alltaf opið á kaffistofunni fyrir brotapolu. Oft kom fyrir að einhver brotapolu sat inn á kaffistofunni og talaði um hvað væri gott að komast út úr amstri dagsins í öryggi Stígamóta. Oftar en ekki vissi enginn af því í nánasta umhverfi að konan væri brotapolu. Guðrún eldri var óþreytandi að hvetja brotapolu til að taka þátt í baráttunni. Í tengslum við hvert afmæli Stígamóta var skipulögð dagskrá sem brotapolar tóku þátt í að skapa og það skipti miklu máli til að opna umræðuna um kynferðisofbeldi.

brotaþolann til að skilja að það sem kom fyrir hann er ekki einkamál heldur samfélagslegt vandamál. Að kveikja á pólitískri vitund hjá brotaþolum hefur alltaf verið mikilvægt fyrir alla baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Í byrjun baráttunnar voru brotapolar að taka þátt í aktivismanum sérstaklega í kringum afmæli Stígamóta. Eitt afmælisárið á Vesturgötunni skrifuðu brotapolar ljóð um kynferðisofbeldið og það var sett í hvern einasta glugga á Stígamótum. Annað afmælisár var sýning á þvottasnúru þar sem brotapolar skrifuðu skilaboð til gerandans. Svona mætti lengi telja.

Hvernig finnst þér að baráttan eigi að halda áfram - hvað er næst á dagskrá?

Stígamót hafa verið pólitísk samtök frá upphafi og mér finnst mikilvægt að halda í þá sérstöðu. Í dag eru fleiri samtök sem bjóða upp á aðstoð og úrvinnslu afleiðinga með áfallameðferðum eftir kynferðisofbeldi sem er af hinu góða en Stígamót hafa fest sig í sessi í þjóðfélaginu sem feminísk grasrótarsamtök og það eitt sér gefur Stígamótum sérstöðu. Að sá fræjum í grasrótina með röddum brotapolu og sjá hvað sprettur upp úr því hefur oftast en ekki náið eyrum samfélagsins og orðið að sterkum aktivisma.

Rödd brotapolu:

Ég kom til Stígamóta 1994 og fór í gegnum viðtöl og síðan hóp. Þegar ég kom til Stígamóta 24 ára gömul var ég ekki viss um að ég myndi lifa af, ekki af því að ég vildi deyja, heldur hreinlega vegna þess að ég gat ekki lifað með sársaukann og afleiðingarnar af kynferðisofbeldinu. Stígamót björguðu hreinlega lífi mínu. Ekki nóg með það, ég var í hormónaóafnvægi og hafði fengið að vita að ég myndi þurfa aðstoð þegar kæmi að því að eignast börn.

Innan við ári eftir að ég kom í fyrsta viðtalið mitt á Stígamótum var ég orðin ófrísk af dóttir minni. Svo Stígamót gáfu mér líka sólargeisla lífs míns. Ég var ein af þeim sem gekk í svörtum kufli 8. mars 1995 þar sem voru flutt ljóð á Ingólfstorgi og ráðherra afhentir undirskriftarlistar. Frábær dagar í skítakulda!

TAKK fyrir mig.

Hvernig mótaði það þig að vinna í málaflokknum?

Gerði mig að sterkari femínista og að þeirru baráttukonu sem ég er í dag en ekki síst var það ómetanlegt að heyra allar þessar lífssögur sem bárust inn í mín eyru og hjarta í öll þessi ár, fyrir það er ég þakklát. Það er mér ógleymanlegt. Það er alveg með ólíkindum hvað fólk er sterkt og lifir af ýmis áföll.

Manstu eftir einhverjum sigrum í viðtölum eða í baráttunni?

Það kemur fyrst í hugann það sem snýr að brotaþolum, það var alltaf ákveðinn sigur þegar maður náði að fá

Svo er fræðsla og meiri fræðsla alltaf mikilvæg. Afleiðingar kynferðisofbeldis eru svo erfiðar og skerða lífsgæði fólks verulega. Það þarf að halda áfram að fræða aðstandendur um afleiðingar kynferðisofbeldis með til dæmis aðstandendanámskeiðum.

Að lokum er ósk mín sú að réttarkerfið taki harðara á gerendum kynferðisofbeldis og alls kynbundins ofbeldis með þyngri dómum, það er að svo ótrúlegt að menn fái oftast en ekki þyngri dóma fyrir til dæmis fíkniefnainnflutning en ofbeldi á konum og börnum.

Þjónusta við brotþola

Einstaklingsviðtöl

Einstaklingsmiðaður stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins og áhrifum þess á sjálfsmynd þeirra sem því eru beitt. Árið 2024 sóttu 709 einstaklingar viðtöl á Stígamótum, þar af voru 280 nýir brotþolar og 72 nýir aðstandendur. Ítarlegar tölfraðiupp-lýsingar um ofbeldisbrotin, afleiðingar þeirra, gerendur og fleira er að finna í tölfraðihluta þessarar ársskýrslu. Árið 2020 var farin sú leið að skrá á biðlista það fólk sem hafði samband til að fá tíma hjá ráðgjafa. Þetta var gert til að tryggja betri þjónustu fyrir brotþola og tryggja að það væri styttri bið á milli fyrstu viðtala hvers aðila. Í lok ársins 2024 voru 78 einstaklingar á biðlistanum sem er töluverð fækkun frá árinu á undan. Heildarfjöldi viðtala var svipaður á milli ára þrátt fyrir fækkun stöðugilda.

Starfshópur Stígamóta tók þá ákvörðun á haustdögum að einbeita okkur alfarið að því að fækka á biðlistum og var farið í endurskipulagningu til þess að svo mætti verða. Hluti þess var að létta öðrum verkefnum af ráðgjöfum sem voru í hlutatarfi í ráðgjöf og hlutastarfi í fræðslu. Auk þess var tekin ákvörðun um að hætta að vera með ráðgjafa staðsettan einu sinni í viku í Bjarkarhlíð enda nýttist tíminn ekki nógu vel þar. Þetta átak ásamt þeirri staðreynd að fleiri samtök og stofnanir bjóða nú uppá þjónustu við brotþola hefur orðið til þess að minnka biðlistana og er nú tæplega tveggja mánaða bið eftir fyrsta viðtali.

Sjálfsbjálparhópar

Frá upphafi hafa sjálfsbjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Í þessum hópum koma brotþolar saman til að sækja sér styrk og takast á við erfiðleika sem

rekja má til afleiðinga kynferðisofbeldis. Með þátttöku í hópastarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfsefning. Hópunum er kynjaskipt og er reynt að raða í hópa eftir aldri. Sérstakir hópar eru starfræktir fyrir konur með reynslu af vændi til að vinna úr afleiðingum þess og eru þeir kallaðir Svanahópar. Einnig hefur verið haldið sérstakt sjálfsbjálparnámskeið fyrir konur á aldrinum 18-25 ára. Á þeim námskeiðum eru 6-8 þátttakendur og hittist hópurnir vikulega í 7 vikur, 3 klukkutíma í senn. Sjálfsbjálparhópurinn fyrir karla hittist 9 sinnum í 2,5 tíma í senn á meðan hefðbundnir sjálfsbjálparhópar á Stígamótum hittast 12 sinnum, og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Árið 2024 voru starfræktir 8 sjálfsbjálparhópar með samtals 45 þátttakendum, þar af 3 hópar sérstaklega ætlaðir ungum konum. Hópaleiðarar árið 2024 voru fimm, fjórar þeirra starfa einnig sem ráðgjafar á Stígamótum. Sú fimmta starfar sem framhaldsskólakennari og hefur marga ára reynslu af hópastarfi. Flestir hópanna eru starfræktir seinnipartinn eða á kvöldin, einn hópur var haldinn á dagvinnutíma.

Strákarnir á Stígó – sjálfsbjálparkvöld fyrir karlkyns brotþola

Strákarnir á Stígó – sjálfsbjálparkvöld fyrir karlkyns brotþola

Í nóvember voru liðin 10 ár frá því að Stígamót fóru af stað með sérstök sjálfsbjálparkvöld fyrir karlkyns brotþola kynferðisofbeldis. Strákakvöld Stígamóta hafa

verið haldin síðan 2014 og hafa 70 kvöld verið haldin frá upphafi. Á þessum kvöldum er körlum sem hafa nýtt sér þjónustu Stígamóta gefið tækifæri til að hittast í öruggu rými og ræða málin við aðra karlkyns brotaþola. Fyrirkomulagið hefur þróast í gegnum árin, fyrst um sinn voru þetta óformleg kaffikvöld en frá árinu 2018 hafa kvöldin verið skipulögð sem formleg sjálfshjálparkvöld með valdeflingu og sjálfstyrkingu að markmiði. Mæting á kvöldin er frjáls og fjölbreytt viðfangsefni eru tekin fyrir, aðferðir ræddar og verkfærum deilt. Árið 2024 voru meðal annars tekin fyrir; heilbrigð sambönd og samskipti, sjálfsmynd og sjálfsvirðing, sjálfsfyrirgefning, að segja frá, nánd og kynlíf, kvíði, ranghugmyndir um kynferðisofbeldi og slökun. Fjöldi kvölda á hverju ári hefur aukist og í ár voru haldin samtals 10 kvöld. Einnig hefur mæting aukist með árunum, en að meðaltali mæta 8 karlar á hvert kvöld og á árinu nýttu 25 karlar sér þessa þjónustu..

Brotapolar í Laugarnesskóla

Eftir umfjöllun um brot Skeggja Ásbjarnarsonar kennara við Laugarnesskólann í Reykjavík veturinn 2022 og 2023 hefur hópur brotaþola úr skólanum komið saman á Stígamótum til þess að styðja við hvort annað í öruggu rými. Á Stígamótum þekkjum við mjög vel hversu mikilvægt það getur verið að fá tækifæri til að ræða reynslu sína af ofbeldi og afleiðingum þess við aðra sem hafa sambærilega reynslu. Hópurinn hittist fjórum sinnum árið 2024.

Stígamót á staðinn

Verkefnið Stígamót á staðinn hefur verið starfrækt í sextán ár. Það hefur það að markmiði að veita fólki á landsbyggðinni tækifæri á að nýta sér þjónustu Stígamóta í sinni heimabyggð. Ráðgjafi fer frá Stígamótum 1-2 sinnum í mánuði í ákveðið bæjarfélag og býður brotaþolum þar upp á einstaklingsviðtöl. Stígamót hafa í gegnum árin verið með ráðgjöf m.a. í Grundarfirði, Selfossi, Vestmannaeyjum, Borgarnesi, Patreksfirði, Sauðárkróki og Egilsstöðum. Ráðgjöf á Ísafirði hófst árið 2016 og í ár var farið til Ísafjarðar 5 sinnum og var þjónustan nýtt af 8 einstaklingum í samtals 48 viðtölum, um var að ræða bæði viðtöl á staðnum og fjarviðtöl.

Börn og unglingar

Á Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað sjálfshjálparstarf með börnum nema mál þeirra hafi fengið meðferð barnaverndaryfirvalda. Foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringir þó iðulega og leitar ráða um hvernig skuli bregðast við grun um kynferðisbrot gagnvart barni. Þessum hópi er veitt ráðgjöf en jafnframt bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við lögreglu eða leita ráða hjá Barnahúsi. Ráðgjöf fyrir aðstandendur er veitt á Stígamótum og eru foreldrar

barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sérstaklega boðnir velkomnir. Á árinu komu 6 einstaklingar undir 18 ára aldri í viðtöl á Stígamót. Vert er að nefna að þó Stígamót taki aðeins á móti fólki yfir 18 ára aldri (nema í þessum undantekningartilfellum) voru tæplega 70% þeirra sem leituðu til Stígamóta á árinu fyrst beitt kynferðisofbeldi áður en þau urðu 18 ára. Síðan í mars 2022 hafa Stígamót rekið nafnlaust netspjall fyrir ungmenni, sem ber heitið Sjúktspjall. Á spjallinu býðst ungu fólki samtal, stuðningur og fræðsla í höndum fagfólks með mikla reynslu af aldurshópnum.

Rödd brotaþola:

Sótti mér hjálp að verða fimmtug, hafði hugsað frá því ég var barn „hvernig gat ég leyft þetta“ kviknaði ljós þegar yndislega konan sem ég var í viðtali hjá sagði „þú leyfðir þetta ekki, þú varst varnarlaust barn.“ Endalaust þakklát fyrir þessi orð. Leit alltaf á mig sem geðveikt barn. Takk Stígamót.

Fjölskyldur og aðstandendur

Kynferðisofbeldi hefur mikil áhrif á fjölskyldur brotaþola og aðra aðstandendur. Þess vegna er mikilvægt að þeir séu hluti af lausninni og fái upplýsingar um hvernig hægt er að styðja við brotaþola í sínu umhverfi. Stígamót bjóða því bæði brotaþolum og aðstandendum ráðgjöf. Stundum kemur fólk í viðtöl sem tengist bæði ofbeldismanni og brotaþola nánnum böndum, en slíkar kringumstæður valda oft mikilli togstreitu innan fjölskyldu. Oft koma makar brotaþola í aðstandendaviðtöl en það er gríðarlega mikilvægt að makinn trúi brotaþolanum og fari ekki í það hlutverk að yfirheyra eða taka stjórnina. Undanfarin ár hefur verið aukning á að aðstandendur hafi samband og komi í viðtöl. Árið 2024 komu 72 aðstandendur á Stígamót sem er fækkun frá árinu á undan.

Stígamót bjóða einnig upp á fjölskyldu- og paraviðtöl sem eru frábrugðin venjulegum viðtölum. Þar er rýnt í samskiptamynstur og fjölskyldukerfi sem eru tilkomin vegna kynferðisofbeldis og afleiðinga þess. Mikilvægt er að fólk sé tilbúið að skoða viðbrögð sín og vinna að sameiginlegum markmiðum. Slík ráðgjöf býðst þeim sem hafa verið í viðtölum á Stígamótum og þarf beiðni að koma frá ráðgjafa viðkomandi aðila. Þetta er ekki stór þáttur í starfseminni en þó nýttu sér 10 pör þjónustuna á síðasta ári og komu samtals í 41 viðtal.

Samtal við samfélagið

Samfélagsumræða

Á árinu fór talskona Stígamóta og annað starfsfólk í margskonar fjölmiðlaviðtöl og upptökur á heimildabáttum um ýmis viðfangsefni. Það er mikilvægur hluti af starfi Stígamóta að taka þátt í samfélagsumræðunni og miðla þekkingu okkar á orsökum og afleiðingum kynbundins og kynferðislegs ofbeldis. Spjallþættir og rökræðuþættir voru einnig hluti af starfinu og talskona ritaði fjölda greina um hin ýmsu málefni tengd baráttunni gegn ofbeldi og man-sali. Þar að auki skrifaði Hrafnhildur Sigmarsdóttir, ráðgjafi á Stígamótum, reglulegar greinar í Heimildina um kyn-bundið og kynferðislegt ofbeldi í víðum skilningi. Stígamót gerði gagnskör í að útbúa fræðsluefni fyrir samfélagsmiðla og vakti það mikla athygli og góð viðbrögð.

Kvennaár 2025 undirbúið

Stígamót eru ein þeirra um 50 samtaka sem standa að kvennaárinu 2025 en þá verða liðin 50 ár frá stóra kvennafrídeginum 24. október 1975 sem markaði upphaf nýrrar baráttu fyrir kvenfrelsi. Segja má að Stígamót, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin og fleiri samtök séu skilgreind afkvæmi þessarar bylgju. Talskona Stígamóta mótaði kröfur kvennaárs ásamt fulltrúum frá nokkrum öðrum samtökum. Ákveðið var að hafa kröfurnar fáar, skýrar og framkvæmanlegar innan árs. Þær voru kynntar formönnum stjórnmálaflokka við hátíðlega athöfn 24. október 2024 í Bíó Paradís en við það tilefni var einnig heimildarmynd Hrafnhildar Gunnardóttur og Pamelu Hogan „Dagurinn sem Ísland stöðvaðist“ sýnd.



Tilviljun réði því að þessi viðburður markaði í raun upphafi kosningabaráttunnar en forsætisráðherra boðaði (nokkuð) óvænt til kosninga um haustið. Það var því vel mætt af fulltrúum flokkanna við kynningu krafna. Eins var góð mæting á kosningafund kvennaárs í lðnó sem haldinn var 19. nóvember, aðeins 11 dögum fyrir kjördag. Þar hétu fulltrúar allra flokka að láta skýrt að sér kveða og halda á lofti kröfum kvennaárs. Grunnkröfurnar sem kynntar voru 24. október 2024 í Bíó Paradís eru:

Vanmat á kvenna-störfum og launajafnrétti

Stjórnvöld þurfa að:

- Leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennastörfum.
- Tryggja að hægt sé að bera saman jafnverðmæt störf þvert á vinnustaði.



- Klára vinnu við heildstætt virðismatskerfi og endurskoða starfsmat sveitarfélaga.
- Tryggja sambærilegt kerfi fyrir viðbótarlaun.
- Koma á samningaleið sem auðveldar einstaklingum að reisa jafnlaunakröfur. Setja reglur um launagagnsæi byggða á fyrirmynd ESB, en taka sérstakt tillit til íslenska vinnumarkaðarins, og tryggja virkt eftirlit.

Ólaunuð vinna kvenna og umönnunar-ábyrgð

Stjórnvöld þurfa að:

- Lögfesta rétt barna til leikskólavistar strax að loknu fæðingarorlofi.
- Afnema skerðingar á lægstu greiðslum í fæðingarorlofi og tryggja að fæðingarorlofsgreiðslur verði aldrei lægri en lágmarkslaun.

Kynbundið ofbeldi

Stjórnvöld þurfa að:

- Tryggja að brotapolum sé tryggt fullnægjandi þjónusta, s.s. túlkþjónustu og aðgengi, í samskiptum við opinberar stofnanir. Í þessu felst að færniuppbygging, sérstaklega í tengslum við stöðu jaðarsettra hópa, sé gerð skyldubundin. Þetta á við um dómara, ákæranda, lögregluna og aðra sem koma að málum er varða kynbundið ofbeldi.
- Endurskoða lög um nauðganir og önnur kynferðisbrot og annað kynbundið ofbeldi, til að fanga meðal annars brot í netheimum og á samskiptamiðlum.
- Hefta aðgengi ungmenna að klámi með aðgangsstýringu.
- Kynjafræði, hinseginfræði og menntun um birtingarmyndir kynbundins ofbeldis og samskiptaferni verði færð inn í námskrá grunn- og framhaldsskóla.
- Tryggja aðgengi ungs fólks að nafnlausri ráðgjöf og spjalli við ráðgjafa.
- Tryggja afkomu, húsnæði og vernd til að auðvelda fólki að komast úr vændi og/eða mansali.

Við krefjumst þess að:

- Brot á nálgunarbanni hafi afleiðingar þannig að bannið hafi áhrif og lögreglan fái rýmri heimildir til að beita nálgunarbann.
- Sett verið lög um vernd uppljóstrara í kynferðismálum sem nái til brotþola sem greina frá ofbeldi.
- Hatusorðræða á grundvelli kynjamisrættis, kvenhatus og aðrar tegundir hatursorðræðu á grundvelli kyns, verði gerð refsiverð.

Listin og baráttan gegn ofbeldi - Kynjapingi 2024

Vegna þeirrar umræðu sem spratt í kjölfarið á leikverkinu Lúna með þátttöku Heiðars snyrtis sem dæmdur er fyrir

kynferðisbrot ákvað Stígamót að efna til viðburðar um listina og baráttuna gegn ofbeldi. Málstofan var hluti af kynjapingi 2024 sem haldið var í lok maí í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Til samtalsins komu Eva Halldóra Guðmundsdóttir, sviðshöfundur, Hallgrímur Helgason, rithöfundur og myndlistarmaður, Kristín Eysteinsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands og Þóra Karítas Árnadóttir, leikstjóri. Málstofunni stýrði Drífa Snædal talskona Stígamóta.



Málstofa Stígamóta á Kynjapingi 2024 undir heitinu Listin og baráttan gegn ofbeldi. Fyrir framan áheyrendur sitja frá vinstri: Hallgrímur Helgason, Þóra Karítas Árnadóttir, Kristín Eysteinsdóttir, Eva Halldóra Guðmundsdóttir og Drífa Snædal.

Óhætt er að segja að lifandi umræður sköpuðust og hefði í raun þurft heila ráðstefnu undir. Það er hins vegar afar gagnlegt að búa til umgjörð utanum helstu átakamál samtímans þar sem hægt er að eiga samtal. Allir þátttakendurnir hafa á einhverjum tímapunkti staðið í eldinum í umræðunni í gegnum listina og var því gríðarleg reynsla samankomin í samtalinu. Eins og á öllum góðum málþingum var engin niðurstaða og ólík sjónarmið en allir áheyrendur í fullum sal höfðu gagn af.

Mansalspolendur og brottvísanir

Ísland er ekki eyland hvað ofbeldi varðar frekar en nokkuð annað og meðal skjólstæðinga Stígamóta eru konur sem seldar hafa verið mansali bæði hér á landi og annars staðar í heiminum. Í mörg ár hafa Stígamót barist fyrir nígérískri konu að nafni Blessing sem seld var mansali í heimalandi sínu, síðan í Líbíu og loks á Ítalíu. Þaðan kom hún hingað til lands en var aldrei formlega viðurkennd sem mansalspolandi þó það hafi ekki heldur verið véfengt. Tvær aðrar voru í sömu sporum og hún þegar þær voru þjónustusviptar árið 2023 og Stígamót tóku þátt í að koma þeim í skjól og af götunni. Í kjölfarið stofnaði félagsmálaráðuneytið í samstarfi við Rauða krossinn næturskýli fyrir þjónustusvipta einstaklinga sem „neituðu samvinnu“ um eigin brottvísun, eins og það heitir á stofnanamáli.

Það var svo í maí 2024 að þær voru handtekna, dregnar fyrir dómara á föstudagskvöldi til að staðfesta varðhaldið, látnar dúsa á Hólmsheiði heila helgi og sendar til Nígeríu á mánudeginum. Þær voru skildar eftir í Lagos, höfuðborgar Nígeríu,

án pappíranna sinna,
án lyfja, án peninga
og án bjargráða. Bless-
ing var lífshættulega
veik og það lá fyrir vottorð
að ekki þótti öruggt að flytja
hana heilsu hennar vegna.

Engar tilraunir voru gerðar til að
tryggja þeim öryggi á áfangastað og það
sem verra er, vinir og velunnarar á Íslandi fengu
ekki að vita hvert og hvenær farið yrði með þær og þannig
gert ómögulegt að skipuleggja öryggi þeirra á áfangastað.

Við tók lygileg atburðarrás þar sem reynt var að skipu-
leggja bæði nauðsynlega lækniaðstoð, húsaskjól og
langtímaúrræði fyrir konurnar í Nígeríu. Stígamót tóku
þátt í því og nýttu sitt alþjóðlega net til að komast í kynni
við fólk ytra sem veitti ómetanlega aðstoð. Greitt hefur
verið úr verstu heilsufarsvandræðum Blessing en staða
þeirra er jafn ömurleg hér eftir sem hingað til. Það er mat
Stígamóta að í þessu máli hafi Ísland brotið gegn alþjóð-
legum sáttmálum sem eiga að vernda mansalspolendur
og sýnt harðræði án nokkurs tilgangs annars en að mis-
beita valdi og vera öðrum víti til varnaðar.

Kertavakan í október og kvennamorð

Félagasamtökin Öfgar og Hagsmunasamtök brotaþola
boðuðu til kertavöku 9. október 2024 til minningar um
konur sem hafa látið lífið vegna afleiðinga kynbundins
ofbeldis.




Framsögukonur við kertavöku, frá vinstri: Guðný S. Bjarnadóttir stofnandi Hagsmunasamtaka brotaþola og Vitundar – samtök gegn kynbundnu ofbeldi, Kristín I. Pálsdóttir framkvæmdastjóri og talskona Rótarinnar, Ólöf Tara Harðardóttir, einn stofnenda Öfga og Vitundar, Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, kynjafræðingur og Drífa Snædal talskona Stígamóta.

Viðburðurinn hófst fyrir utan Kvennaskólann þar sem
aðstandendur polenda og aðgerðasinnar fluttu erindi.
Að ræðuhöldum loknum var gengið í þögn að Tjörninni
þar sem kerti voru tendruð og loks söng hópurinn
„Maístjörnuna“ og „Sofðu unga ástin mín“.

Viðburðurinn var áhrifamikill, einlægur og fagur og
haldinn í skugga kvennamorða á Íslandi sem aldrei hafa

verið fleiri en árið 2024, alls 5 talsins, þar af voru tvær
ungar konur myrtar og rann ágóðinn af sölu kertanna til
fjölskyldu Kolfinnu Eldeyjar.



Hin magnaða
baráttukona Ólöf
Tara Harðardóttir
hélt utanum kerta-
vökuna en hún var
ein stofnenda Öfga
og síðar Vitundar,
nýrra samtaka
brotaþola. Ólöf Tara
féll fyrir eigin hendi
í janúar 2025. Hún

var sjálf brotaþoli en með eldmód sem átti fáa sína líka
til að berjast fyrir betri heimi, gegn því ofbeldi sem karlar
beita konur. Við kertafleytinguna sagði hún meðal annars:

*Ég Ólöf Tara er ein af hverjum fjórum,
ég er ein af þeim sem kærði ekki.
Kannski einn daginn verð ég tölfræðin
um konuna sem lést langt fyrir aldur
fram vegna afleiðinga ofbeldis, með
öllum hinum konunum. Tölfræði í lifandi
lífi og tölfræði eftir lifandi líf.*

Baráttusystir kvödd

Hún stóð í eldinum, tók ágjöf en barðist áfram til síðasta
dags. Elsku Ólöf Tara, baráttukona fyrir betri heimi, gegn
feðraveldinu og kynbundnu ofbeldi féll fyrir eigin hendi.
Það er sárt, vekur reiði, samúð og samkennd en líka ótta
við þann skaða sem fórnirnar krefjast.

Hún hafði einstaka hæfileika til að nýta eigin reynslu af
ofbeldi til að berjast fyrir aðrar konur. Það þarf styrk og
seiglu til þess. Hún var gagnrýnd og kölluð öllum illum
nöfnum fyrir að berjast fyrir betri heimi og gegn hinu
skaðlega feðraveldi. Hún var máluð upp sem óalandi og
óferjandi en hún var svo langt frá því eins og baráttusystur
hennar yfirleitt.

Síðustu mánuði átti hún og nýju samtökin Vitund gott
samstarf við Stígamót þar sem við virkjuðum baráttu-
andann en vorum samt til viðtals við kerfið sem þarf að
standa með brotaþolum og skilja þeirra stöðu. Það er ekk-
ert sjálfsagt að manneskjur sem kerfið hefur ekki staðið
með séu tilbúnar í slíka vegferð, fjarri kastljósi fjölmiðla og
fyrir framtíðina. Ólöf Tara var hins vegar kona í það. Hún
var til í allar tilraunir sem gætu þokað málum áfram, hvort
sem það var barátta á hinum opinbera vettvangi, á sam-
félagsmiðlum eða samtal við kerfið.

Eldurinn sem logaði innra með Ólöfu Töru má ekki slokkna og það er okkar ábyrgð að halda honum lifandi. Fyrir þolendur kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og fyrir betri heimi sem verður vonandi laus við ofbeldi. Ólöf Tara lagði sannanlega sitt lóð á vogaskálarnar, bæði í gegnum sína eigin baráttu, með baráttu Öfga og nú síðast samtökunum Vitund.

Takk fyrir baráttuna!

Við vottum fjölskyldu, vinum og baráttusystur samúðar.



Drífa Snædal heldur á heimagerðu skilti í Druslugöngunni á Borgarfirði Eystri sumarið 2024. Skiltið segir allt sem þarf.

Druslugangan

Druslugangan var að venju haldin sumarið 2024 til stuðnings og samstöðu við brotþola kynferðisofbeldis. Að venju var hún haldin í Reykjavík en einnig í tengslum við Bræðsluna á Borgarfirði Eystri en stjórnendur Bræðslunnar hafa lagt mikla áherslu á öryggi gesta hátíðarinnar og sér-

þjálfað starfsfólk í vitund og viðbrögðum. Talskona Stígamóta, Drífa Snædal, hélt ræðu við lok göngunnar og sagði meðal annars:

Til að geta upprætt kynferðisofbeldi þurfum við að ímynda okkur heim án þess, en sá heimur hefur aldrei verið til. Aldrei nokkurs staðar nokkurn tíman. Sumt fólk vill meina að það sé ómögulegt að ná slíkri veröld en við erum alltaf að gera hið ómögulega á hverjum degi og búa til heim sem ekki var til fyrir.

Nú skulum við ímynda okkur heiminn án kynferðisofbeldis:

Það er heimur þar sem virði fólks og friðhelgi er virt, ákveðin kyn eru ekki sett skör lægra en önnur. Fólk, óháð kyni upplifir öryggi, fólk er ekki notað, misnotað, keypt og selt til hagsbóta fyrir aðra því fólk er ekki sölubara og ekki til misnotkunar. Konur fá ekki þau skilaboð að þær séu minna virði, hvorki á vinnumarkaðinum né í lífinu sjálft. Það er ekki búið að skilyrða þær í gegnum örಾರೆiti eða hreinlega ofbeldi frá unga aldri til að vera til notkunar fyrir karla.

Fræðsla

Stór hluti starfsins hjá Stígamótum sem beinist út á við er fræðsla og kom starfsfólk Stígamóta víða við árið 2024. Þar má nefna sérstök kynning fyrir verkefni á vegum ríkislögreglustjóra og að auki fræðsla fyrir lögreglunema við Háskólann á Akureyri, en sú fræðsla telst nú meðal árlegra verkefna Stígamóta. Fleiri árleg verkefni má telja fræðslu fyrir Ástráð, félag læknanema áður en þau fara af stað í sína eigin fræðslu. Reykjavíkurborg hefur nýtt sér þekkingu Stígamóta umfram önnur sveitarfélög og eru ákvæði í samstarfssamningi við borgina um að Stígamót séu tiltæk í fræðslu fyrir starfsfólk borgarinnar. Það er okkur ljúft og skylt og á árinu áttum við gott samstarf við nefndir og ráð, héldum fyrirlestra á mannréttindamálþingi auk fræðslu sérstaklega fyrir Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Þá sóttist Landlæknir eftir kynningu frá Stígamótum og MÍMIR fyrir þau sem sóttu námskeið fyrir dyraverði.

Árlega koma einnig margar nefndir utan úr heimi til að kynna sér starfsemi Stígamóta og baráttuna hérlandis gegn ofbeldi. Þá eru Stígamót árlegir fastagestir með fræðslu við Jafnréttisskóla Sameinuðu Þjóðanna GRÓ GEST. Ótalin er miðlun ráðgjafa til nemenda úr framhaldsskólum sem voru að vinna ýmis verkefni um til dæmis klámvæðingu og kynbundið ofbeldi.

Bandamenn er námskeið fyrir karla sem vilja leggja baráttunni lið og hafa Stígamót boðið upp á það síðan 2018. Meginmarkmið námskeiðsins er að varpa ljósi á hvað karlar geta gert í baráttunni gegn kynferðisofbeldi gegn konum, kynsegin einstaklingum og öðrum jaðarsettum hópum. Á árinu var haldið stutt námskeið fyrir alþjóðlega nemendur við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Rúmlega hundrað starfsmenn félagsmiðstöðva fengu kynningu á námskeiðinu á Samfés-Con og um það bil 30 þar af tóku þátt í vinnustofu um þemu námskeiðsins. Auk þess var haldin vinnustofa fyrir nemendur í kynjafræðanámskeiði við Tækniskólann.

Erlent samstarf

Stígamót taka þátt í erlendu samstarfi í gegnum þrenn samtök: Norrænu hreyfinguna NKMV – Nordiska Kvinnor mot våld, evrópsku samtökin WAVE - Women Against Violence Europe og alþjóðlegu samtökin CAP – Coalition for the Abolition of Prostitution.

NKMV er áratuga gömul hreyfing samtaka um kvennaathvörf á Norðurlöndunum en ráðstefnur á vegum þeirra hafa verið stórar og innihaldsríkar í gegnum árin. Engin ráðstefna hefur þó verið haldin eftir Covid og breytt staða kvennaathvarfa á Norður-

löndunum hefur tölu-
verð áhrif á samtökin.
Eftir að skylda var
lögð á sveitarfélög til
að reka athvörf hafa þau í
síauknum mæli farið í útboð
þar sem lægstbjóðandi fær
að reka athvarf. Þetta hefur orðið

til þess að grafa undan starfi kvennaat-
hvarfa víða á Norðurlöndunum sem byggist á
femínískri hugmyndafræði. Þessi staða gerir það mikil-
vægara en nokkurn tíman að stilla saman norræna strengi
og sækja kraft hver til annarra. Stígamót sótti þó undir-
búningsfund undir ráðstefnu NKMV sem haldin verður í
maí árið 2025 undir heitinu: Framtíð baráttu kvennahreyf-
ingarinnar á Norðurlöndum gegn kynbundnu ofbeldi.

WAVE eru afar virk samtök á Evrópuvettvangi og eru Evr-
ópusambandinu til ráðgjafar um ofbeldisvarnir. Stígamót
eiga sæti í ráðgefandi hópi samtakanna og sækja þing og
ráðstefnur á þeirra vegum. Árið 2024 hélt Svandís Anna
Sigurðardóttir, verkefnastýra fræðslu og forvarna hjá
Stígamótum vinnustofu á ráðstefnu WAVE þar sem kynnt
var fræðsluverkefnið Sjúk ást og Sjúkt spjall. Góður rómur
var gerður af verkefninu og málstofunni.

CAP var afar virkt á árinu í baráttu fyrir sænsku leiðinni
í vændismálum og hefur meðal annars þrýst á Evrópu-
sambandið um bættar reglur með þó nokkrum árangri,
en mansal fer vaxandi og sú hugmynd að formgera vændi
sem atvinnugrein verður síður en svo til að draga úr man-
sali og ofbeldi. CAP hélt stórt þing í Montreal í Kanada í
byrjun júní árið 2024 og sóttu það þrír fulltrúar frá Stíga-
mótum. Á ráðstefnunni var mikið fjallað um tengsl vændis,
mansals og framleiðslu kláms. Fjöldi kvenna sem hafði
verið í viðjum vændis fjallaði um þann veruleika og farið
var yfir lagaumgjörð mismunandi landa og hvaða afleið-
ingar hún hefur í för með sér fyrir fólk í vændi. Í tengslum
við ráðstefnuna var haldin fjölmenn samstöðuganga með
brotapolum vændis.

Kvennaþing Sameinuðu þjóðanna í New York

BSRB og Stígamót stóðu fyrir viðburði á hinu árlega
kvennaþingi Sameinuðu þjóðanna um kröfur Kvennaverk-
fallsins 2023 og samspil vanmats á virði kvennastarfa og
ofbeldis. Á viðburðinum fjallaði Sonja Ýr Þorbergsdóttir,
formaður BSRB, um sögu, ástæður og kröfur Kvennaverk-
fallsins 2023, stóðu jafnréttismála á Íslandi og áherslur
og áfangasigra BSRB hvað varðar endurmat á virði
kvennastarfa. Drífa Snædal, talskona Stígamóta, fjallaði
um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi á Íslandi og leiðir
til að stemma stigu við því og Freyja Steingrimsdóttir,
samskiptastjóri BSRB, fór yfir það hvernig framkvæmdar-



Framsögufólk á viðburði BSRB og Stígamóta á kvennaþingi Sameinuðu
þjóðanna í mars 2024. Talið frá vinstri: Freyja Steingrimsdóttir,
Drífa Snædal, Sonja Þorbergsdóttir og Anna Pála Sverrisdóttir.

stjórn og starfsfólk Kvennaverkfallsins skipulagði þennan
sögulega viðburð. Bergrún Andradóttir, skrifstofustjóri
Samtakanna 78, Tatjana Latinovic, formaður Kvenréttinda-
félags Íslands og Stella Samúelsdóttir, framkvæmdarstýra
UN Women á Íslandi héldu einnig stuttar hugvekjur. Anna
Pála Sverrisdóttir, sem starfar hjá Fastanefnd Íslands við
SB, stýrði fundi sem var vel sóttur enda gríðarlegur áhugi
um heim allan á jafnréttismálum á Íslandi í kjölfar kvenna-
verkfallsins 2023.

Ráðstefna: Réttlæti eftir ofbeldi

Árið 2023 héldu Stígamót ráðstefnu þar sem sjónum var
beint að ofbeldismönnum. Ákveðið var að halda aðra
rástefnu árið 2024 um hvað gerist eftir ofbeldi, hvernig
umhverfið bregst við afhjúpunum um ofbeldi og hvort
hægt sé að ná fram einhverju réttlæti. Ráðstefnan „Rétt-
læti eftir ofbeldi“ fór fram hinn 21. október 2024 á Hilton
hótelu sem býður uppá stærsta ráðstefnusal landsins.
Spurt var hinna stóru spurninga: Hvernig er best að
bregðast við afhjúpunum um kynferðislegt ofbeldi?
Hvernig má ná fram réttlæti og bata í kjölfar kynferðis-
brots? Er hægt að gera það með félagslegum hætti utan
hins formlega réttarkerfis? Hvernig má tryggja að kyn-
ferðisbrotamenn hætti að brjóta á þolendum? Að vanda
var mikill áhugi á ráðstefnunni en Stígamót eru þekkt fyrir
að bjóða uppá vandaðar og gagnlegar ráðstefnur og þing.

Ráðstefnuna sóttu rúmlega 200 manns ýmist á staðnum
eða í gegnum fjarbúnað. Að öðrum ólöstuðum vakti erindi
Elizabeth Clemants mesta athygli enda var henni gefinn
rúmur tími fyrir örnámskeið. Hún er stofnandi Hidden
Water í Bandaríkjunum og hefur þróað aðferðir síðustu

áratugi til að vinna með einstaklingum jafnt sem heilum fjölskyldum til að lækna skaða og leysa átök sem geta hrjáð fjölskyldur í áratugi. Hún notast við uppbyggilegt réttlæti til að rjúfa hringrás kynferðisofbeldis gegn ungu fólki. Á ráðstefnunni sagði Elizabeth frá því hversu mikilvæg rétt og vönduð viðbrögð við ofbeldi eru ásamt því að fjalla um samtök sín og vinnuna innan þeirra.

Auk Elizabeth kynntu innlendir fyrirlesarar rannsóknir á viðbrögðum umhverfisins við afhjúpunum, hvernig fagrað geta fundið farveg fyrir einhverskonar réttlæti og sömu-leiðis í hvaða tilvikum sáttasemjarleiðin er fær. Þá fjallaði Auður Anna Magnúsdóttir um eigin reynslu af því að sækja réttlæti utan kerfisins eftir að brotið var á henni. Virkt forvarnarstarf með börnum var kynnt frá ýmsum hliðum og litið var aftur í tímann til að sýna hvað við höfum náð miklum árangri síðustu áratugi.


Vændi

Vændi er ein alvarlegasta birtingarmynd kynbundins ofbeldis þar sem enn þrífst það viðhorf víða í samfélaginu að líkamar (oftast kvenna) séu til kaups og afnota fyrir karlmenn. Árum saman hafa Stígamót tekið á móti fólki úr vændi, veitt ráðgjöf og verið með sérstakt hópastarf fyrir brotþola vændis. Árið 2022 var haldin ráðstefna á vegum Stígamóta og samtökin studdu einnig við útgáfu bókarinnar Venjulegar konur eftir Brynhildi Björnsdóttur þar sem konur sögðu frá reynslu sinni af vændi. Sama ár gerðu Stígamót rannsókn á eigin gögnum sem var sláandi og kom í ljós að fólk í vændi glímdi við alvarlegri afleiðingar brotanna en brotþolar annars konar ofbeldis. Árið 2023 var lögð áhersla á að dreifa þessari vitneskju sem víðast, bæði innanlands og erlendis og létum við þýða rannsókn okkar á ensku. Rannsóknin vakti töluverða athygli og var til þekkingarauka víða um heim, meðal annars í tengslum við þing CAP (Coalition for the Abolition of Prostitution) árið 2024.

RÉTTLÆTI EFTIR KYNFERÐISBROT DAGSKRÁ	
8:30	Skráning
9:00	Setning ráðstefnu Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir rithöfundur ævisögu Dr. Guðrúnar Jónsdóttur „Ég verð aldrei ungfrú meðfærileg“
9:30	Kynferðisofbeldi og samfélagsviðbrögð: Hvernig viðhorf og stuðningur hafa áhrif á bataferli þóra Sigfríður Einarsdóttir, framkvæmdastjóri/sálfræðingur hjá Domus Mentis Geðheilsustöð
10:00	<i>The Impact of Sexual Abuse on the Family System</i> Elizabeth Clemants, stofnandi og stjórnandi Hidden Water
11:00	Morgunkaffi
11:30	<i>The framework of Hidden Water</i> Elizabeth Clemants, stofnandi og stjórnandi Hidden Water
12:30	Fyrirspurnir og viðbrögð
12:45	Hádegismatur
13:30	<i>I haven't seen Barbados – Reynslusaga af bata</i> Auður Önnu Magnúsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands Annars konar leiðir að réttlæti: Reynsla af setu í fagraði sem tekur á kynbundnu ofbeldi Finnborg Salóme ÞóreyjarSteinþórsdóttir, aðjúnkt í kynjafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands
14:15	Forvarnir og viðbrögð við ofbeldi meðal ungs fólks í Reykjavík Kári Sigurðsson Verkefnastjóri forvarna hjá Skóla- og fristundasviði Reykjavíkurborgar
14:45	Tölum saman! Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra ofbeldis- og kynheilbrigðismála hjá Barnaheillum
15:15	Uppbyggilegt réttlæti (e. Restorative Justice) Kristín Skjaldardóttir, félagsráðgjafi og Restorative Justice facilitator, Domus Mentis Geðheilsustöð
15:45	Er hægt að sætta kynferðisbrotamál? Kolbrún Benediktsdóttir, sendisaksóknari Íslands hjá Eurojust
16:15	Lokaorð
16:30	Ráðstefnuslit

Dagskrá ráðstefnu Stígamóta haustið 2024.

Reykjavíkurborg hefur verið helsti samstarfsaðili Stígamóta í aðstoð við fólk í vændi, fólk sem vill komast út úr vændi og fólk sem er að glíma við afleiðingar vændis. Borgin vinnur nú að aðgerðaráætlun til að aðstoða fólk úr vændi og er það gert í samstarfi og samráði við Stígamót. Mannréttinda og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar veitti Stígamótum einnig styrk til að vekja athygli á raunveruleika vændis á samfélagsmiðlum, en það áttak stóð yfir í sex vikur í nóvember og desember og naut mikillar athygli. Í hverri viku voru birtar nokkrar tilvitnanir í konur sem höfðu verið í vændi, nokkrar tilvitnanir í karla sem hafa keypt vændi (tekið af síðum þar sem þeir bera saman bækur sínar) og að lokum nokkrar tilvitnanir í rannsóknir um ástæður og afleiðingar vændis.



Dæmi úr samfélagsmiðlaherferð Stígamóta um ástæður og afleiðingar vændis. Herferðin naut mikillar athygli í nóvember og desember 2024.




Klám

Ráðgjafar hjá Stígamótum þekkja sennilega einna best áhrifin sem klámnotkun getur haft á samskipti ungs fólks eða bara fólks almennt. Síðust áratugina hefur ungt fólk haft nánast óheftan aðgang að klámi á netinu, klámi sem sýnir konur sem viðföng, rasískt, ofbeldisfullt, niðrandi og skemmandi klám. Sífelld er að koma betur í ljós í rannsóknum hvaða afleiðingar þetta getur haft, sérstaklega á ómótaða heila ungra drengja sem eru töluvert líklegri til að skoða klám en stúlkur. Landlæknir gerði rannsókn á klámnotkun ungs fólks og fór notkunin vaxandi með hverju árinu í efstu bekkjum grunnskóla og það var sterk fylgni á milli vanlíðunar og neyslu á klámi. Að mati Stígamóta og annarra sem vinna með brotapolum kynbundins og kynferðislegs ofbeldis er löngu kominn tími til að stemma stigu við klámi með því að skikka klámsíður til að vera með aldursgreiningu þeirra sem þær sækja. Ísland er framarlega meðal Norðurlanda í löggjöf er varðar bann við dreifingu á kynferðislegu efni í óþökk þess sem á því birtist. Sama má segja um bann við hótunum um að gera slíkt. Önnur Norðurlönd líta til okkar sem fyrirmynd í hinu síðarnefnda. Við höfum hins vegar dregið lappirnar í að beinlínis hefta aðgengi barna að klámi á netinu og að tryggja að börn fái fræðslu innan skólakerfisins um skaðsemi kláms og um muninn á klámi og kynlífi með öflugri kynfræðslu. Við erum í sömu stöðu og Svíþjóð, Noregur og Finnland hvað varðar löggjöf gegn dreifingu á klámi en löggjöfin okkar er gömul og lítið notuð eins og á hinum Norðurlöndunum. Danir banna ekki dreifingu á klámi en hafa hins vegar gert heiðarlega tilraun til að tryggja aldursgreiningu á klámsíðum. Evrópusambandið gerði athugasemdir við

Þá lagasetningu Dana og nú hafa nokkur ríki innan ESB tekið sig saman til að þrýsta á samevrópskar reglur til að hefta aðgengi barna að klámi.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Stígámót unnu ásamt Sveriges Kvinnoorganisationer (sænsku kvenréttinda-samtökunum) og Kvinnofronten (norsku kvenréttindasamtökunum). Rannsóknin hefur verið birt á ensku undir heitinu **Curbing Online Pornography – Lessons from the Nordics.**



Rannsóknir sem gerðar hafa verið á fullorðnum körlum gefa til kynna að karlar sem neyta kláms eru líklegri til að gera lítið úr ofbeldi gegn konum og verða sjálfir almennt árásgjarnari. Að auki getur klám haft þau áhrif á konur að þær taki að sér hlutverk í kynlífi sem þær sjá og læra í klámi, hlutverk hins undirgefna viðfangs sem má þola ofbeldi. Klám hefur áhrif á væntingar og skynjun karla á

kynlífi og sumir reyna að endurtaka ofbeldisfull athæfi sem sjást í klámi. Þetta þekkja ráðgjafar hjá Stígámótum því miður allt of vel. Að auki hefur klámneysla áhrif á getu karla til að stunda kynlíf þar sem virðing og jafnræði ríkja. Við vitum meira um hvaða áhrif klámneysla hefur á full-orðna karla en unga drengi en það sem við vitum er að óþroskaðir heilar eru fljótari að meðtaka sterk skilaboð. Þá er framleiðslan á klámi oft ofbeldi í sjálfu sér þar sem samþykki og mörk eru ekki virt.

Það eru vísbendingar víða um heim um vaxandi ofbeldi ungra karla gegn ungum konum og kvárum og er það rakið til áhrifa af óheftu aðgengi að ofbeldisfullu klámi frá unga aldri. Þetta hefur til dæmis verið tekið saman í nýlegri skýrslu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sífellt fleiri ríki einsetja sér að taka á þessum vanda og eru Frakkar þar framarlega en Norrænu þjóðirnar eru að vakna til vitundar. Okkur ber skylda til að vernda börn gegn skaða en að útsetja þau fyrir ofbeldisfullu klámi sem leitar þau uppi á netinu er ekki í þeim anda. Við sitjum hjá á meðan við vitum af skaðanum. Það er kominn tími til að nýta þekkingu okkar til að vernda börn fyrir skaða. Yfirlit þekkingar og tillögur að úrræðum er að finna í þessari nýútkomnu skýrslu.

Rödd brotaþola:

Takk elsku frábæru ráðgjafar fyrir að taka okkur að ykkur, þið eruð að sinna virkilega áhrifaríku, átakanlegu og erfiðu starfi og gefið okkur þolendum rödd, stuðning og þá hlýju sem við þurfum svo innilega á að halda.

Takk Stígámót fyrir að vera til og fyrir allt sem þið gerið fyrir okkur sem þurfum á ykkur að halda ❤️

Rödd brotaþola:

Í mínum orðaforða eru ekki nægilega stór orð til að lýsa þakklæti mínu til kvennahreyfingarinnar sem kom Stígámótum á fót fyrir þolendur kynferðis-ofbeldis og konunum sem báru og bera kyndlana áfram. Við lestur ævisögu Guðrúnar Jónsdóttir fylltist ég djúpstæðu stolti af baráttuþreki og þrautseigju kvennanna sem komu á undan.

Fjármál og skipulag Stígamóta

Mánaðarlegir styrktaraðilar

Framlög mánaðarlegra styrktaraðila til starfsemi Stígamóta eru stærsti tekjuliður samtakanna. Í lok árs voru mánaðarlegir styrktaraðilar rétt tæplega 8000 talsins og mynda þeir styrkan fjárhagslegan grunn fyrir samtökin. Þessir styrktaraðilar hafa hjálpað til við að svara aukinni eftirspurn eftir aðstoð við brotabola kynferðisofbeldis og gert forvarnaverkefni á borð við Sjúkást að veruleika. Framlöggin eru Stígamótum ómetanleg en heildarframlag einstaklinga á árinu voru rúmar 147 milljónir króna.

Rödd styrktaraðila:

Ég er stoltur styrktaraðili Stígamóta og gleðst yfir því að búa í samfélagi þar sem barátta gegn kynferðisofbeldi er sýnileg. Fræðsluefni Stígamóta er til fyrirmyndar, skilgreiningar á hugtökum skýrar og fróðlegt að fylgjast ýmsum verkefnum sem Stígamót koma að. Sjúk Ást verkefnið er algjör snilld og þó markhópurinn sé 13-20 ára er þar fræðsluefni um heilbrigð og óheilbrigð sambönd sem á erindi við alla aldurshópa. Takk fyrir mig.

Framlög opinberra aðila

Frá stofnun hafa Stígamót fengið rekstrarframlag frá stjórnvöldum í gegnum félagsmálaráðuneytið. Án þessa stuðnings frá ríkinu gætu Stígamót ekki haldið úti ráðgjafabjónustunni fyrir þau mörg hundruð manns sem

hana sækja á hverju ári. Á árinu 2024 nam þessi upphæð kr. 91.100.000. Stígamót þjónusta fólk á öllu landinu, stundum með því að mæta á staðinn en aðallega í gegnum fjarfundi ef fólk treystir sér ekki eða kemst ekki til Stígamóta. Á hvert senda Stígamót fjárbeiðni til allra sveitarfélaga á Íslandi og bjóða þeim að taka þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi með því að styrkja starfsemina. Stígamót og Reykjavíkurborg hafa verið með þjónustusamning til margra ára og nemur framlag borgarinnar nú kr. 11.880.000 á ári. Minni sveitarfélög leggja til lægri upphæðir en á árinu styrktu önnur sveitarfélög Stígamót um tæplega þrjár milljónir samtals.

Til viðbótar við þetta fasta rekstrarframlag fengu Stígamót framlög frá hinu opinbera í tilgreind verkefni. Jafnréttis-sjóður styrkti netspjallið sérstaklega um tvær milljónir króna og stjórnvöld styrktu Sjúkást og Sjúkt spjall eins og fyrr með framlagi uppá 12.000.000 króna sem fer langleiðina með að fjármagna þetta umfangsmikla verkefni. Þá veitti Reykjavíkurborg glæsilegan styrk uppá 3.500.000 krónur fyrir Sjúkást verkefninu og aðrar 700.000 fyrir átaksverkefni um vændi.

Aðrir styrkir

Á árinu kom enn á ný styrkur frá hinum frábæru samtökum *Donor Direct Action* en það eru femínísk samtök sem styðja kvennasamtök sem vinna á vettvangi víðsvegar um heim. Styrkurinn er ætlaður í baráttuna gegn vændi og mansali og kom úr sjóði sem heitir *Gloria Steinem Equality Fund To End Sex Trafficking*. Samtals nam styrkurinn um 4 milljónum króna.



Talskona Stígamóta Drífa Snædal tekur við styrk frá Sigurveigu Alfæðisdóttur fyrir hönd Zontaklúbbsins Emblu til að halda úti Sjúkt spjall.

Stígamót njóta mikillar velvildar meðal almennings, fyrirtækja, félagasamtaka og ýmissa hópa um allt land. Á árinu fengu Stígamót nokkra sérlega veglega styrki. Soroptimistar veittu tvo veglega styrki til starfsins, en þær hafa stutt dyggilega við baráttuna gegn kynferðislegu ofbeldi í gegnum tíðina og það sama má segja um Zonturnar. VIRK starfsendurhæfing hefur síðustu ár lagt aukna áherslu á baráttu gegn áreitni og ofbeldi, enda beintengd skertri starfsorku kvenna. Frá VIRK fengu Stígamót 3.500.000 krónur til ráðgjafastarfa. Þá fengum við veglegan styrk frá Reyni Grétarssyni stofnanda Creditinfo sem veitti Stígamótum eina milljón króna. Þátttakendur í Reykjavíkumaraþoninu söfnuðu 1.091.005 krónum fyrir Stígamót og borgarfulltrúinn Þorvaldur Daníelsson greiddi auka krónu fyrir hverja krónu sem heitið var á hann í maraþoninu: 130.000 krónur. Alls hlupu 19 manns fyrir Stígamót að þessu sinni.

Afkoma Stígamóta árið 2024 var jákvæð um tæplega 10 milljónir króna og verður það til að styrkja varasjóð Stígamóta sem lét á sjá árið 2023 vegna fjölda verkefna, flutninga og fleira.



Starfskonur Stígamóta hvetja hlaupara í Reykjavíkumaraþoninu.

Starfsfólk:

Stígamót voru svo skipuð starfsfólki í lok árs:

Anna Raket Aðalsteinsdóttir, ráðgjafi
 Anna Þóra Kristinsdóttir, ráðgjafi
 Drífa Snædal, talskona
 Eva Bryndís Pálsdóttir, ráðgjafi
 Guðrún Gísladóttir, ráðgjafi
 Hjálmar Gunnar Sigmarsson, ráðgjafi
 Hrafnhildur Sigmarsdóttir, ráðgjafi
 Jóhanna Lind Jónsdóttir, ráðgjafi
 Lora Elín Einarsdóttir, ráðgjafi
 Sigrún Elsa Stefánsdóttir, ráðgjafi
 Svandís Anna Sigurðardóttir, verkefnastýra
 fræðslu og forvarna
 Þórunn Þórarinsdóttir, ráðgjafi

Framkvæmdahópur:

Í framkvæmdahópi í lok árs sátu:

Drífa Snædal
 Elva Dögg Ásudóttir
 Eva Bryndís Pálsdóttir
 Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir
 Dr. Finnborg Salóme Steinþórsdóttir

Í lok árs lauk Hildur Fjóla Antonsdóttir störfum innan framkvæmdahópsins og Finnborg Salóme Steinþórsdóttir tók hennar stað. Við þökkum Hildi Fjólu hjartanlega gott samstarf til margra ára.

Leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur sjálfshjálparhópa:

Anna Raket Aðalsteinsdóttir
 Hanna Björg Vilhjálmsdóttir
 Hjálmar Gunnar Sigmarsson
 Lora Elín Einarsdóttir
 Sigrún Elsa Stefánsdóttir
 Þórunn Þórarinsdóttir

Sjúktspjall:

Þær sem hafa tekið þátt á síðasta ári um skemmri eða lengri tíma sem ráðgjafar á Sjúkt spjall eru:

Anna Raket Aðalsteinsdóttir
 Hanna Björg Vilhjálmsdóttir
 Heiða Brynja Heiðarsdóttir
 Helga Maren Hauksdóttir
 Hjördís Unnur Másdóttir
 Kolbrún Hrunn Sigurhansdóttir
 Kristín Blöndal Ragnarsdóttir
 Sigrún Elsa Stefánsdóttir

Önnur hlutverk:

Handleiðsla starfshóps: Elísabet Lorange,
 listmeðferðarfræðingur
 Bókhald: Guðrún Inga Bjarnadóttir
 Tölvumál: Sigurbrandur Dagbjartsson

Rödd brotaþola:

Það jafnast ekkert á við það að fá að tala við aðila sem vita nákvæmlega hvaða spurninga á að spyrja til að hreinsa út úr skúmskotunum sem maður hefur beitt mikilli orku í að halda lokuðum. Þvílíkur léttir þegar maður er búinn að skúra út í horn.

Framkvæmdahópur:

Framkvæmdahópur er hin eiginlega stjórn Stígamóta og hittist í hverjum mánuði. Hópurinn tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sitja tveir fulltrúar úr starfshópi Stígamóta og þrír fulltrúar með mikla þekkingu og reynslu af störfum á sviði kynferðisofbeldis, valdir með samþykki framkvæmdahóps og í samstarfi við starfshóp.

Starfshópur:

Óvenju mikill stöðugleiki hefur verið innan starfshópsins árið 2024. Engar nýráðningar voru á árinu en Þóra Björt Sveinsdóttir sem var í hálfu starfi sem ráðgjafi hætti, sömuleiðis fór Björg Guðrún Gísladóttir ráðgjafi á eftirlaun en Björg er sú sem starfað hefur lengst hjá Stígamótum og sennilega lengst á Íslandi í málaflokknum. Ingigerður Fanney Heiðarsdóttir ritari hætti einnig störfum og ákveðið var að ráða ekki ritara aftur heldur dreifa verkefnum á ráðgjafana.

Starfsfólk Stígamóta er allt háskólamenntað og kemur úr ýmsum áttum. Starfshópurinn hefur menntun í félagsráðgjöf, sálfræði, jákvæðri sálfræði, fjölskyldumeðferð, listmeðferð, kynjafræði, guðfræði, náms- og starfsráðgjöf, mannfræði, kennslufræði, jógakennslu, viðskiptafræði, vinnumarkaðsfræði og ritstjórn. Ábyrgð á daglegu starfi deilir starfsfólk jafnt en þó hefur verkaskipting innan starfshópsins aukist á síðustu árum. Helstu verkefni eru ráðgjöf, fræðsla, pólitískt starf og fjáröflun. Starfshópurinn skipulagði tvenna starfsdaga á árinu til að fara yfir skipulags- og stefnumótunarmál auk þess að leggja línurnar í fræðslumálum og pólitísku starfi.

Lögð er áhersla á að starfsfólk leggi stund á endurmenntun og sjálfsvinnu. Starfsfólk sem sinnir kjarnahlutverki Stígamóta, sem er að binda endi á kynferðisofbeldi með samfélagsvakningu og þjónustu fyrir brotaþola, hittist í hóphandleiðslu aðra hverja viku, auk þess sem starfsfólk hefur aðgang að 10 tímum á ári í einkahandleiðslu. Auk þess sótti starfsfólk Stígamóta margskonar námskeið og ráðstefnur um málaflokkinn á árinu.



Hluti starfshópsins í lok ráðstefnu Stígamóta í október 2024.

Sjúkást

Sjöunda herferð forvarnaverkefnisins Sjúkást fór af stað þann 18. mars 2024 en slík herferð hefur verið árlegur viðburður síðan árið 2018. Eins og áður snerist herferðin um að fræða ungt fólk um samskipti, mörk og samþykki, og muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum. Í ár var yfirskriftin Pælum í jafnvæginu og var vegasalt notað til að tákna bæði jafnvægi og ójafnvægi í samskiptum fólks.



Marínó Máni og Una.

Herferðin

Til að sýna fram á jafnvægi og ójafnvægi í samskiptum voru dregnir fram ákveðnir eiginleikar, staða og hegðun sem vógu ýmist þungt eða létt og höfðu þá áhrif á það hvort fólk væri í ráðandi eða veikari stöðu í sínum samskiptum og samböndum. Reynslan og gögn af Sjúktspjall voru notuð sem innblástur við þessa nálgun. Þau atriði sem vógu þyngra og settu einstaklinga í ráðandi stöðu voru: hærri aldur, frægð, sjálfsöryggi, meiri reynsla, suð, frekja, æsingur, betri efnahagur, líkamlegur styrkur, vinsældir og að vera kjaftfor. Þau atriði sem vógu léttar og settu einstaklinga í veikari stöðu voru: ungur aldur, hræðsla, stress, minnkuð meðvitund, að frjóska, vilja ekki særa, vera í ójafnvægi, óöryggi, áhrifagirnir og vera undir pressu.

Í myndböndunum sem voru útbúið fyrir herferðina var fólki parað saman á vegasalt sem var sérstaklega smíðað og fengu þau að vera ýmist í ráðandi eða veikari stöðu til skiptist, út frá einhverjum ofantalinna atriða. Þessar stöður ræddu þau svo sín á milli og íhuguðu hvernig jafnvægi og ójafnvægi í samskiptum getur birst og haft áhrif. Þeir aðilar sem tóku þátt og birtust bæði í myndböndunum sem og á veggspjöldum sem var dreift í tengslum við herferðina voru Andrean Sigurgeirsson, Birta Líf Ólafsdóttir,




Birta Líf og Sigga Ózk.

Diljá Pétursdóttir, Erlen Isabella Evudóttir, Marínó Máni Mabazza, Sigga Ózk, og Una Torfadóttir.

Á vef Sjúkást var einnig útbúið gagnvirkt vegasalt, en á því er hægt að draga ofangreinda eiginleika inn á vegasaltið þannig að fólk geti bæði metið sína eigin stöðu og hegðun sem og stöðu og hegðun þess sem það er í samskiptum við og skoðað hvort það sé jafnvægi eða ójafnvægi í þeim. Vegasaltið var útbúið bæði á íslensku og ensku.

Veggspjöldum herferðarinnar var dreift í allar félagsmiðstöðvar og framhaldsskóla landsins, sem og í ungmennahús. Þá voru kostaðar auglýsingar á herferðinni bæði á Vísir.is, í strætóskýlum og á samfélagsmiðlum.



Gagnvirkt vegasalt sem er að finna á sjukast.is.



Gagnvirkt vegasalt sem er að finna á sjukast.is (á ensku).

Fræðsla í félagsmiðstöðvum

Stígamót hafa lagt mikið upp úr góðu samstarfi við Samfés og félagsmiðstöðvar landsins, og var engin undan-

teknung á því í ár. Fræðslupakki í tengslum við herferðina var útbúinn sem innihélt glærusýningu, handrit með glærusýningunni, bréf til starfsfólks, bréf til forsjáraðila, þrjú verkefni og myndefni herferðarinnar. Þann 19. mars var boðið upp á kynningarfund á fræðslupakkanum á Teams. Farið var yfir glæurnar, verkefnin og handritið. Fundurinn var tekinn upp og var einnig hluti af fræðslupakkanum sem var svo sendur út á allar félagsmiðstöðvar og framhaldsskóla landsins, sem og aðgengilegur hverjum þeim sem vildi nýta hann. Verkefnin þrjú voru útbúin eftir ákall starfsfólks félagsmiðstöðva í kjölfarið á Sjúkást herferðinni 2023, en þau óskuðu eftir styttra og fjölbreyttara efni. Eins og áður er Sjúkást fræðsla skilyrði fyrir miðakaupum á árlegt ball Samfés, Samfestinginn, en algengt er að öllum unglingahópi félagsmiðstöðvarinnar er boðið á fræðsluna óháð miðakaupum á ballið, og í sumum tilvikum fer fræðslan inn í unglingadeildir grunnskóla.

Fræðslan ávarpaði jafnvægi í samskiptum og var lögð áhersla á efni herferðarinnar. Samhliða því var eins og í fyrri herferðum fjallað um ofbeldi og afleiðingar þess, mörk, höfnun og samþykki og var Sjúktspjall sérstaklega kynnt. Fyrir herferðina og dreifingu fræðslunnar var fræðsluefnið Sambandsrófið sem og Kynlíf vs. kynferðisofbeldi uppfært og þýtt yfir á ensku. Efnið var prentað sem veggspjöld og í póstkortastærð og dreift til félagsmiðstöðva og framhaldsskóla. Haustið 2024 var sendur póstur á alla grunnskóla landsins sem reka unglingadeildir þar sem bent var á fræðslupakkann og þeim boðið að fá póstkortin og/eða veggspjöld.



Andrean og Erlen.



Marínó Máni og Diljá.

Samfélagsmiðlar og fræðsla

Á árinu var fræðsla í gegnum samfélagsmiðla Sjúkást aukin til muna. Fræðslumolum og efni tengt Sjúkást var reglulega deilt á Tiktok, Instagram og Facebook. Nú er svo komið að mikill fjöldi fræðslufærslna er aðgengilegur í gegnum samfélagsmiðla Sjúkást og þannig verið að tryggja að áherslur og upplýsingar verkefnisins séu að finna á þeim stöðum sem ungmenni sækja hvað mest.



Sambandsrófið og Kynlíf vs. kynferðisofbeldi (á ensku).

spjallað um. Sjúktspjall er bæði stuðningur, ráðgjöf og oft fyrsta skref fyrir mörg ungmenni sem leita þangað til að ræða hluti sem þau hafa aldrei áður sagt frá.

Tölfræði og þemu

Árið 2024 voru 234 marktæk spjöll, þá eru ótalin spjöll sem innihalda litlar eða engar upplýsingar, eða sem eru ekki einlæg (svo sem grín) en taka þó einhvern tíma fyrir ráðgjafa að sinna. Erfitt er að greina gögnin af spjallinu af mikilli nákvæmni. Sum spjöll vara í örfáar mínútur, sum í vel yfir klukkustund. Sum ungmenni eru með einfaldar fyrirspurnir og vilja ekki ræða neitt fleira; sum gefa litlar upplýsingar á meðan önnur segja frá miklu; sum eru að leita að hughreystingu eða ráðgjöf án þess þó að vera í erfiðum eða hættulegum aðstæðum; önnur ungmenni eru að glíma við mikla vanlíðan, langa ofbeldissögu, miklar afleiðingar og/eða mjög flókin sambönd. Sum eru í ofbeldissamböndum.

Tæplega 16% þeirra sem nýttu sér spjallið nota fornaðnið hann, rúmlega 84% nota fornaðnið hún. Meðal aldur allra



Skjáskot af Tiktok reikningi Sjúkást í janúar 2025.

Sjúkt spjall

Sjúktspjall opnaði í mars 2022 og var opið mánudaga, þriðjudega og miðvikudaga kl.20-22 árið 2024. Spjallið er eins og áður að finna á síðunni sjukast.is. Þar starfa ráðgjafar á vegum Stígamóta og bjóða ungu fólki upp á nafnlausa og ókeypis ráðgjöf í gegnum netspjall. Sjúktspjall er mikilvægt úrræði þar sem það er mjög aðgengilegt óháð búsetu, fjárhag og ólíkri stöðu ungmenna. Hver sem er getur nýtt sér ráðgjöfina og þarf hvorki að óttast tilkynningar né afleiðingar af því sem er

marktækra spjalla var 17 ára. Nokkrir einstaklingar skáru sig þó úr vegna hærri aldurs, en þegar þau eru dregin frá lækkar meðalaldurinn í 16 ár, en algengast var að fólki væri 16 ára. Erfitt er að draga ályktanir um búsetu þeirra sem leita á spjallið, mörg hver voru skráð á höfuðborgarsvæðinu í grunnögögnum spjallsins en sögðust þó vera búsett annars staðar. Ljóst er þó að mikill meirihluti þeirra sem leitar á Sjúktspjall er af höfuðborgarsvæðinu. Þau sem leita á spjallið eru aldrei beðin um að greina frá öðru en fornaðni/

kyni og aldri en sum greina frá kynhneigð sinni og/eða kynvitund. Þau sem það gerðu og falla undir hinsegin regnhlífina voru um 5% þeirra sem leituðu á spjallið.

Þegar horft er á spjöll þeirra sem eru 25 ára og yngri má finna 57 frásagnir af einhvers konar kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldissambandi. Af þeim var sagt frá kyni gerandi í 48 spjölum, en í 4 tilfellum var stelpa sögð gerandi og í 44 tilfellum var strákur sagður gerandi. Í öllum tilvikum nema tveimur var gerandi að beita manneskju af öðru kyni ofbeldi. Stelpur voru því í miklum meirihluta þeirra sem voru beittar ofbeldi. 49 spjöll snérust um samband viðkomandi, þá oftast um ráðgjöf vegna þeirra og stundum um óheilbrigð sambönd. 19 spjöll voru um líðan og var þá yfirleitt um mikla vanlíðan viðkomandi ungmennis að ræða.

Eins og fyrri ár er suð algengt vandamál og því beitt til að fara yfir mörk, oftast af hendi stráka til að þvinga stelpur í kynferðislegar athafnir. Meðvirkni og öðryggi stelpna

var einnig áberandi og þá í tengslum við sambönd þeirra við stráka, en algengt var að þær lýstu óheilbrigðum og ófullnægjandi samböndum við kærasta sem þær vildu þó ekki slíta sambandi við. Í tengslum við það var nokkuð um spjöll þar sem slæmum samböndum og slæmri hegðun kærasta var afsökuð með að „hann væri samt góður“, „hann var svo góður þegar við byrjuðum fyrst saman“. Jákvætt var að sjá að sum ungmenni leituðu á spjallið sem aðstandendur og vildu vita hvernig best væri að styðja við vini (oftast vinkonur) sem hefðu orðið fyrir ofbeldi eða voru í samböndum sem voru mögulega óheilbrigð eða ofbeldisfull.

Mikilvægt úrræði

Ungmennin spurðu mörg hver út í nafnleyndina á Sjúktspjall og sömuleiðis hvort þau væru ekki örugglega að ræða við alvöru ráðgjafa (en ekki spjallvélmanni). Miðað við fjölda spjalla og fjölbreytni þeirra er ljóst að spjallið nýtist ungu fólki vel. Stígamót vinna þó stöðugt að því að kynna Sjúktspjall bæði fyrir ungmönnum sem og fagfólki til þess að tryggja að úrræðið festist í sessi. Samhliða því að veita ungu fólki dýrmæta ráðgjöf og stuðning þá veitir spjallið einnig starfsfólki Stígamóta innsýn inn í reynsluheim ungs fólks sem gerir þeim betur kleift að aðlaga og bæta skilaboð og fræðslu Sjúkást.

Tilvitnanir af spjallinu (búið að breyta orðalagi):

Ég er búin að vera í sambandi í 6 mánuði, en kærasti minn er búin að stjórna mér og gaslýsa mig. Er það í lagi? Hvað get ég gert?

Mér líður ekki vel, og finnst eins og það væri bara betra fyrir alla ef ég væri ekki hér. En ég þori ekki að segja neinum hvernig mér líður.

Ég vil ekki segja neinum, ég er svo hrædd um að það trúir mér enginn.

Hann spurði hvort ég hefði sofð hjá áður, ég sagði nei og þá spurði hann hvort ég vildi sofa hjá honum. Ég vildi það ekki en þorði ekki að segja nei, hann virkaði líka svo sterkur og ég var líka mjög full.

Hann vill ekki að ég sé með vinkonum mínum og vill alltaf að ég komi strax til hans. Hann bannar mér að vera í ákveðnum fötum.

Ég hef oft reynt að hætta alveg með honum. En hann kemur alltaf tilbaka, lofar alls konar og segist líka skaða sig ef ég fer frá honum.

Hæ, gætir þú hjálpað mér, ætti ég að hætta í sambandinu mínu?

Ég hef aldrei viðurkennt fyrir mér að þetta voru brot.

Mér líður eins og ég sé búin að missa tökin á lífinu. Ég mæti ekki lengur í skólann, get ekki borðað, vil ekki hitta vini en get ekki heldur verið ein því þá fer ég að hugsa um þetta. Mér líður eins og ég sé að missa vitið en hann lætur eins og ekkert hafi gerst.

Stelpa sem ég var með var full í partýi og tók mig afsíðis og fór að reyna að sofa hjá mér og snerta á mér kynfærin án samþykkis. Er það kynferðisofbeldi?

Hvernig á ég að vera til staðar fyrir stelpu sem var nauðgað? Ég vil bara segja takk, þetta spjall er búið að hjálpa mér mjög mikið. Ég hef lengi viljað segja frá þessu og þú hefur hjálpað mér að skilja þetta allt miklu betur. Takk fyrir að hlusta.

Í mörg ár leit ég bara á þetta sem eitthvað spes dæmi sem gerðist, en svo hefur þetta haft meiri og meiri áhrif á mig.

Ég var með strák í gær sem vildi gera kynferðislega hluti og ég sagði nei, en hann spurði aftur og aftur og á endanum sagði ég bara já. Mig langaði þetta samt ekki, en ég var hrædd um að hann yrði brjáláður.

Ef ég geri ekki það sem hann vill þá mun hann bara finna sér einhverja aðra.

Mér finnst nauðgun svo stórt orð, margir segja að þetta hafi verið nauðgun, ég veit ekki hvort ég geti kallað þetta það.

Ég vil ekki að sambandið endi. Ég vil ekki særa hann eða valda honum áhyggjum, þó svo að ég sé full af áhyggjum í staðinn. Mér finnst bara ég þurfa meira á honum að halda en hann mér.

Ég bara get ekki fengið mig til að hætta með honum.

Takk fyrir að trúá mér, ég hef ekki sagt neinum öðrum frá, ég er svo hrædd við það.

Sumir vinir mínir segja að hún mátti auðvitað hætta með mér, en aðrir vinir segja að hún fór illa með mig. Hvað finnst þér?

Eftirtaldir aðilar senda Stígamótum kveðju á 35 ára afmæli samtakanna með þökkum fyrir framlag til betra samfélags



Styrktaraðilar

Reykjavík

A faktoring ehf
A. Margeirsson ehf
Aðalvík ehf
Arctic Rafting
Arev verðbréfafyrirtæki hf
ARGOS ehf-Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arion banki hf
Atlantsflug ehf
Atorka ehf verktakar og vélaleiga
Auglýsingastofan ENNEMM
Augnlæknar Reykjavíkur ehf
Álnabær ehf, verslun
ÁM-ferðir ehf
Barnasálfræðistofan
Bílamálun Sigursveins
Sigurðssonar
Bílasmiðurinn hf
Björkin ljósmæður ehf
BK Kjúklingur
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf
Dea Medica ehf
Drífa efnalaug og þvottahús
Dubliners
El Framkvæmdir ehf
Fastus ehf
Félag eldri borgara
Flúgger ehf
Framvegis-miðstöð
símenntunar
Föt og skór ehf
Gastec ehf
Gaui Píp ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gleipnir verktakar ehf
Glitur ehf
GTG endurskoðun ehf
Gull og silfur ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson hf
Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf
Hagvangur ehf
Hampiðjan hf
Hið íslenska bókmenntafélag
Hjá Hrafnhildi
Hjá Ingvarsson ehf
Hugsjá ehf
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
Iceland Hotel Collection by Berjaya
INNlífur Innréttingaverslun
Innréttingar og tæki
Island Apartments
Í minningu Ólafa Töru
ÍslandsApótek ehf
Íslenska gámafélagið ehf
Íslenski barinn ehf
Íslenskir aðalverktakar hf
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
Íþróttafélagið Fylkir
Íþróttasamband fatlaðra
JJ pípulagnir ehf
Jón og Óskar úra- og skartgripaverslun
Kemi ehf-www.kemi.is
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kjöthöllin ehf

Klettur - sala og þjónusta ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Kramhúsið ehf
Kurt og Pí ehf
Lagahvoll slf
Landslag ehf
Landssamband
Lögreglumanna
Landssamtökin Þroskahjálpi
Leir og postulín ehf
Lyfjaver ehf
Lögmannafélag Íslands
Málarameistarar ehf
Málarasmiðjan ehf
MD vélar
Millimetri sf
Minjavernd hf
MIO MIO ehf
Mokka-Espresso-Kaffi
MS Armann skipamiðlun ehf
Múrarameistarafélag
Reykjavíkur
Nordic Office of Architecture ehf
Olíudreifing ehf
Orka ehf
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
ÓV jarðvegur ehf
Pingpong.is
Pixel ehf
PricewaterhouseCoopers ehf
Radisson BLU 1919 Hótel
Rafha ehf
Raflex ehf
RAFMENT - fræðslusetur
rafiðnaðarins
Rikki Chan ehf
Rima Apótek
Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja-SSF
Sjófang hf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skorri ehf
Skóverslunin Bossanova
Smith og Norland hf
Spektra ehf
Stálbyggingar ehf
Straumkul ehf
Svansverk slf
Sýningakerfi hf
Teiknistofan Tröð ehf
Tékkland bifreiðaskoðun ehf
THG Arkitektar ehf
Tónastöðin ehf
Túnþökupjónustan ehf
Útfaraþjónusta Rúnars
Geirmundssonar
Úti og inni sf
Veiðivon ehf, veiðivöruverslun
Vera Design ehf
VMB verkfræðiþjónusta
Vörn, öryggisfyrirtæki
Vörukaup ehf, heildverslun
Yndisauki ehf
Zenter - ráðgjöf og rannsóknir
Þ Þórgímsson og Co ehf
Þ.G. verktakar ehf
Þrif og þvottur ehf

Seltjarnarnes

Seltjarnarnesbær

Kópavogur

Arnardalur sf
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Bílhúsið ehf
Bílrúðumeistarinn slf
Brunabótafélag Íslands
Clinica tannlæknastofa
Deloitte hf
Domusnova fasteignasala
Ergo fjármögnunarþjónusta
Íslandsbanka
Fosslagnir ehf, pípulagnir
goddí.is
HÁ hreinu ehf
Hegas ehf
Hoist vinnulyftur
Hreinar Línur ehf
Íslandslyftur ehf
Kalli K ehf -Karl K Karlsson
Kraftvélar ehf
Lakkskemman ehf
Lind fasteignasala ehf
Lín design
Ljós og lausnir ehf
rafverktakar
LS Retail ehf
Lyfjaval ehf
Mannrækt og menntun ehf
Pottagaldrar ehf
Rafbraut
Rafmiðlun hf
Rafsetning ehf
Rubix Ísland ehf
Sigurður Freyr Sigurðsson -
Land lögmenn
Skólamyndir ehf
Skómeistarinn ehf
Sprinkler pípulagnir ehf
Suðurverk hf
Tambi ehf
Teledyne Gavia ehf
Útfararstofa Íslands ehf
Verdi Travel - ferðaskrifstofa
Vetrarsól ehf, verslun
Önnu Konditorí slf

Garðabær

Feel Iceland
Garðasókn
Hagræð ehf
Icwear
K.C. Málun ehf
Miklatorg hf - IKEA
Rafboði

Hafnarfjörður

Aðalskoðun hf
Blikkhella ehf
Colas Ísland
Elmax ehf
Fjarðarkaup ehf
Flúrlampar ehf
Gríma Arkitektar ehf
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn
Héðinn Schindler lyftur hf
Hvalur hf
Jarðboranir hf, verktaki
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf

Krossborg ehf
Lipurtá ehf
Lýsing og hönnun
Micro-ryðfrí smíði ehf
Rafeining ehf
Rafrún ehf
Sigmundur Jónsson
SIGN ehf, skartgripaverkstæði
Snyrtistofan Þema snyrti- og fótaðgerðastofa
Vökvatæki ehf
Paktak ehf

Álftanes

Verslunarfélagið Emerald ehf

Reykjanesbær

ÁÁ verktakar ehf
Benni pípari ehf
Bergraf ehf
Blikksmíðja Ágústs Guðjónss ehf
CampEasy ehf
DMM Lausnir ehf
Efnalaugin Vík ehf
Glans Hárstofa
Kast.is
Keflavíkurkirkja
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
OSN lagnir ehf
Skólar ehf

Grindavík

Félaginn ehf
Lagnapjónusta Þorsteins ehf
Vísir hf

Suðurnesjabær

Sl raflagnir ehf
Suðurnesjabær
Útskálakirkja

Mosfellsbær


Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Dynkur ehf
Kjósarhreppur
Lionsklúbburinn Úa
Mosfellsbæ
Malbikstöðin ehf
Reiknistofa fiskmarkaða hf
VGH-Mosfellsbæ ehf

Akranes

Apótek Vesturlands ehf
Garpar ehf
Hvalfjarðarsveit
Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili
Verkalyðsfélag Akraness

Borgarnes

Blómasetrið - Kaffi kyrrð
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



Styrktaraðilar

Grundarfjörður
Dvalarheimilið Fellaskjól
Ólafsvík
Fiskverkunin Valafell Útgerðarfélagið Dvergur hf
Hellissandur
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga Hópferðabílar Svans ehf Ingjaldshólssókn Skarðsvík ehf
Reykholahreppur
Garpsdalskirkja Reykholahreppur Þörungaverksmiðjan hf
Ísafjörður
Fasteignasala Vestfjarða- www.fsv.is Ferðaþjónustan í Heydal Hamraborg ehf Húsið Ísafirði Ísblikk ehf Kampi ehf Orkubú Vestfjarða ohf Rafskaut ehf Samgöngufélagið- www.samgongur.is
Súðavík
Súðavíkurhreppur
Patreksfjörður
Eyfaraf ehf Vesturbyggð Villi Á ehf
Tálknafjörður
Allt í járnnum ehf
Bíldudalur
Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Staður
Kvenfélagið lðunn
Hólmavík
Strandabyggð
Hvammstangi
Húnaþing vestra Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar sf

Blönduós
Blönduóskirkja
Skagaströnd
Vík ehf
Sauðárkrókur
Aldan - stéttarfélag Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra Skagafjarðarveitur Steinull hf
Varmahlíð
Langamýri Fræðslusetur kirkjunnar
Siglufjörður
Fjallabyggð JE Vélaverkstæði ehf
Akureyri
Bílaleiga Akureyrar Blikkrás ehf Eining-löja Enor ehf Geimstofan ehf, auglýsingastofa Index tannsmiðaverkstæði ehf Íslandsréttur ehf Kjarnafæði Norðlenska hf Kraftbílur ehf Ljósko ehf Pólarhestar ehf Raftákn ehf - Verkfræðistofa S.Guðmundsson ehf, múrverktaki Sportver ehf, Glerártorgi Stefna ehf Stjörnusól Veitingastaðurinn Krua Siam Vélsmiðjan Ásverk ehf
Grenivík
Grýtubakkahreppur
Dalvík
Dalvíkurbyggð Híbýlamálun, málningar- þjónusta ehf Tréverk ehf, Dalvík Vélvirki ehf, verkstæði Whales Hauganes ehf
Húsavík
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf-www.fjallasyn.is Garðræktarfélag Reykhverfinga Tjörneshreppur Val ehf

Mývatn
Dimmuborgir guesthouse Hestaleigan Safarí hestar Hlíð ferðaþjónusta ehf Jarðböðin við Mývatn Reykjahlíðarsókn
Kópasker
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Þórshöfn
Geir ehf
Vopnafjörður
Vopnafjarðarhreppur
Egilsstaðir
Austurnet ehf Ársverk ehf Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstaðir Kjöt- og fiskbúð Austurlands Klausturkaffi ehf Múlaþing Rafey ehf Skipalækur ehf ferðaþjónusta, Fellabæ Þ.S. verktakar ehf
Reyðarfjörður
Fjarðaveitingar ehf K-Tech ehf
Eskifjörður
Fjarðarþvottur ehf LF fasteignasala - Reykjavík - Austurland Tandrabergh ehf Tandrabretti ehf
Neskaupstaður
G.Skúlason vélaverkstæði ehf Samvinnufélag útgerðamanna Síldarvinnslan hf Verkmenntaskóli Austurlands
Höfn í Hornafirði
Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf Rósaberg ehf Skinney-Þinganes hf Suðursveit Ögmund ehf
Öræfi
Ferðaþjónustan Svínafeili-www.svinafell.is

Selfoss
BR flutningar ehf Gallerí Ozone Selfossi ehf JÁ pípuagnir ehf Jeppasmiðjan ehf K.Þ Verktakar ehf SG hús ehf Stálkrókur ehf VBF Mjólnir ehf Verkfræðistofa Guðjóns Vélsmiðja Suðurlands ehf Österby-hár
Hveragerði
Ficus ehf Hveragerðisbær Kjörís ehf
Þorlákshöfn
Bíliðjan ehf, verkstæði Sveitarfélagið Ölfus Þorlákshöfn
Ölfus
Eldhestar ehf Hraunsós ehf
Laugarvatn
Héraðsskólinn við Laugarvatn Laugarvatn Fontana
Flúðir
Fögrusteinar ehf
Hella
Hellismenn ehf
Hvolsvöllur
Krappi ehf, byggingaverktakar Kvenfélagið Hallgerður Seljaveitingar Torf ehf
Vík
RafSuð ehf Reynissókn
Kirkjubæjarklaustur
Skaftárhreppur
Vestmannaeyjar
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf Hótel Vestmannaeyjar Ísfélag hf Skipalyftan ehf

Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 35 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldinu og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á kynferðisofbeldi gegn barni, nauðgunum, nauðgunartilraunum, klámi (klámefni), vændi, kynferðislegri áreitni og staf-rænu kynferðisofbeldi sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Kynferðisofbeldi gegn barni barni skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli gagnvart barni. Slíkt hæfir ekki aldri og þroska barnsins. Börn geta ekki veitt samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum sem þau hafa ekki aldur og þroska til að skilja (slíkt atferli getur t.d. átt sér stað þegar einstaklingur eða annað barn sem eru tengd barninu misnotar traust, undirgefni, valdamun (eins og aldursmun og meiri reynslu) á einhvern máta).

Nauðgun eða nauðgunartilraun skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver hefur eða gerir til-raun til að hafa samræði eða önnur kynferðismök við manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunar-rétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.

Klámefni er beitt sem kynferðisofbeldi þegar einhver notar klámefni til að misbjóða manneskju á einhvern hátt. Eða þegar klámnotkun einhvers misbýður manneskju á einhvern hátt.

Vændi/mansal skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einstaklingur eða þriðji aðili þiggur einhverskonar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynferðislega athöfn/athafnir.

Kynferðislega áreitni skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver sýnir manneskju kynferðislega hegðun sem er særandi og er gegn vilja hennar. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.

Stafrænt kynferðisofbeldi skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver birtir, dreifir eða geymir eða hótar að birta, dreifa eða geyma texta og/eða myndefni; til dæmis ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni þar sem manneskja er sýnd nakin eða á kynferðislegan hátt, gegn vilja hennar.

Grunnupplýsingar

Eins og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Spurningalistarnir eru þrennskonar og fylla notendur þjónustunnar út lista þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal á Stígamót. Í fyrsta lagi eru sérstakir spurningalistar sem brotapolar svara. Í öðru lagi eru sérstakir spurningalistar sem brotapolar svara um þá ofbeldismenn sem hafa beitt þá kynferðisofbeldi. Í þriðja lagi eru sérstakir spurningalistar sem þeir aðstandendur brotþola sem sækja viðtöl svara. Ef spurningar á spurningalistunum hafa breyst frá fyrri árum er þess getið í texta ársskýrslunnar.

Árið 2024 leituðu 707 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 280 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá leituðu 72 aðstandendur í fyrsta sinn til Stígamóta á árinu og þar af voru 29 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2024 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggja um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 35 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 11.439¹ einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt má geta þess að ofbeldismennirnir teljast vera 16.150 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru töluvert fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig getur það gerst að sami ofbeldismaðurinn beitir fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

1 Heildarfjöldi einstaklinga frá stofnun Stígamóta er fenginn með því að leggja heildarfjölda nýrra brotþola og heildarfjölda nýrra aðstandanda árið 2024 við heildarfjölda einstaklinga frá stofnun Stígamóta sem fram kemur í ársskýrslu Stígamóta árið 2023. Árið 2024 höfðu 4 af nýjum brotþolum komið á Stígamót áður sem aðstandendur og í einu tilfelli var það óvíst, því dragast 5 einstaklingar frá í tölunni hér fyrir ofan. Einnig höfðu 4 aðstandendur komið áður á Stígamót sem brotþolar og í 5 tilfellum var það óvíst, því dragast 9 einstaklingar einnig frá tölunni hér að ofan.

Í tilefni þess að liðin eru 35 ár frá stofnun Stígamóta var í ár ákveðið að birta yfirlit yfir heildarfjölda allra nýrra einstaklinga sem leitað hafa til Stígamóta á hverju ári frá stofnun samtakanna.

Tafla 1. Heildarfjöldi allra nýrra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta á hverju ári frá stofnun Stígamóta

	Brotapolar	Aðstandendur	Samtals	Fjöldi einstaklinga frá upphafi
1990	-	-	250	250
1991	180	125	305	555
1992	396	60	456	1.011
1993	290	19	309	1.320
1994	320	26	346	1.666
1995	258	25	283	1.949
1996	235	21	256	2.205
1997	176	39	215	2.420
1998	164	14	178	2.598
1999	204	9	213	2.811
2000	198	16	214	3.025
2001	206	19	225	3.250
2002	241	14	255	3.505
2003	237	14	251	3.756
2004	212	16	228	3.984
2005	228	21	249	4.233
2006	260	6	266	4.499
2007	-	-	277	4.776
2008	253	49	302	5.078
2009	210	39	249	5.327
2010	251	55	306	5.633
2011	278	68	346	5.979
2012	264	58	322	6.301
2013	323	78	401	6.702
2014	280	57	337	7.039
2015	302	57	359	7.398
2016	343	60	403	7.801
2017	448	72	520	8.321
2018	380	66	446	8.767
2019	379	66	445	9.212
2020	295	70	365	9.577
2021	456	89	545	10.122
2022	392	122	514	10.636
2023	371	94	465	11.101
2024	275	63	338	11.439

Í töflu 1 er yfirlit yfir alla þá einstaklinga sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum í fyrsta skipti flokkað eftir ári. Þarna eru bæði einstaklingar sem leituðu til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis sem þeir voru sjálfir beittir og einstaklingar sem leituðu til Stígamóta sem aðstandendur einhvers sem beittur hafði verið kynferðisofbeldi. Eins og sést í töflu 1 þá vantaði upplýsingar um heildarfjölda brotaþola og aðstandenda sérstaklega árin 1990 og 2007. Tafla 1 sýnir einungis heildarfjölda bæði brotaþola og aðstandanda árin 1990 og 2007. Samkvæmt tölum frá

Hagstofu Íslands var heildarfjöldi Íslendinga 389.444 árið 2024. Ef miðað er við þessar tölur Hagstofu Íslands má gera ráð fyrir að um 2,9% Íslensku þjóðarinnar hafi leitað til Stígamóta frá árinu 1990.


Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2024 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð við fyrri starfsár. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum og á vefsíðunni www.stigamot.is

Tafla 2. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2024

Ný mál - brotaþolar komu sjálfir ²	280
Upplýsingar um ný mál í gegnum aðstandendur ³	29
Heildarfjöldi ofbeldismanna ⁴	477
Fjöldi nýrra aðstandenda	72
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	707
Heildarfjöldi viðtala	3.155

Árið 2024 voru 280 ný mál þar sem brotaþolar komu sjálfir með mál sín til Stígamóta. Þetta er um 25,5 % fækkun slíkra mála frá árinu 2023. En árið 2023 voru ný mál brotaþola 376 talsins.

Ofbeldismenn eru nú 477 talsins, sem er um 24,9% fækkun frá árinu 2023 en þá voru ofbeldismenn 635. Þá leituðu 72 nýir aðstandendur til Stígamóta árið 2024 en það er um 32% fækkun frá árinu 2023 þegar aðstandendur voru 106 talsins.



Mynd 1. Fjöldi nýrra brotaþola sem sótti viðtöl hvert ár á tímabilinu 1991 til 2024


Mynd 1 sýnir fjölda nýrra brotaþola sem komu ár hvert til Stígamóta undanfarin 35 ár. Upplýsingar vantar um heildarfjölda nýrra brotaþola sem sótti þjónustu Stígamóta árin 1990 og 2007 og því eru þessi ár ekki með á mynd 1.

Mynd 1 og tafla 2 sýna að árið 2024 voru nýir brotaþolar 280, sem eru 96 brotaþolum færri en árið 2023 en þá voru nýir brotaþolar 376. Þetta eru einnig færri brotaþolar borið saman við árin 2013 til 2022 að undanskildu árinu 2014. Árin 1992 til 1994 var fjöldi nýrra brotaþola einnig hærri en gera má ráð fyrir að þá hafi verið um uppsafnaðan fjölda að ræða þar sem Stígamót voru nýbyrjuð með starfsemi sína.

2 Heildarfjöldi nýrra mála var 280 en 9 skýrslur voru ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir öll tölfraðiúrvinnsla um brotaþola á þeim 271 skýrslum sem fylltar voru út. Hins vegar lágu fyrir upplýsingar um kyn og í hvaða mánuði brotaþoli kom í fyrsta skipti í þessum 9 skýrslum sem ekki voru fylltar út, þess vegna er heildarfjöldi einstaklinga hærri en 271 á mynd 1 og 4 og í töflu 7.


3 Upplýsingar um ný mál í gegnum aðstandendur gætu verið færri þar sem ekki er alltaf hægt að vita með vissu hvort fleiri en einn aðstandandi hafi komið vegna sama brotaþola.

4 Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 477, bæði ný mál og upplýsingar um ný mál frá aðstandendum. Eins og fram hefur komið vantaði 9 komuskýrslur og þá um leið allar upplýsingar um ofbeldismenn í þeim málum en hér er miðað við einn ofbeldismann fyrir hverja óútfyllta skýrslu (sem er lágmarkstalning). Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta í gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt að segja með vissu að ofbeldismennirnir hafi verið 477 en hins vegar byggja tölfraðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 439 skýrslum sem lágu fyrir um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverjum tilfellum gáfu brotaþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat til dæmis verið að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við.



Mynd 2. Heildarfjöldi einstaklinga sem sótti viðtöl hvert ár fyrir tímabilið 1990 til 2024

Mynd 2 sýnir heildarfjölda þeirra einstaklinga sem sóttu viðtöl á Stígamótum á hverju ári frá árinu 1990 til ársins 2024. Heildarfjöldi einstaklinga samanstendur af einstaklingum sem voru að koma í fyrsta skipti til Stígamóta, sem og einstaklingum sem hafa fylgt Stígamótum á milli ára. Þarna eru allir einstaklingar sem sótt hafa viðtöl á Stígamótum á tilteknu ári, bæði brotapolar og aðstandendur brotapöla. Þess ber að geta að upplýsingar vantar um heildarfjölda allra einstaklinga sem sótti þjónustu Stígamóta á árunum 1991 til ársins 1993 og því eru þessi ár ekki með á mynd 2. Mynd 2 sýnir hversu stórum hópi Stígamót veita þjónustu á hverju ári. Heildarfjöldi einstaklinga sem kom í viðtöl til Stígamóta árið 2024 var 707, sem er um 15,3% færri en árið 2023. Heildarfjöldi einstaklinga er einnig lægri en árin 2017-2022, en hærri en árin frá 1990 til 2016.



Mynd 3. Heildarfjöldi viðtala sem veitt voru á hverju ári á Stígamótum 1990 til 2024

Mynd 3 sýnir umfang einstaklingsþjónustu Stígamóta á hverju ári frá því Stígamót hófu starfsemi sína, það er hversu mörg viðtöl voru veitt brotapolum og aðstandendum þeirra á hverju ári frá upphafi Stígamóta. Þess ber að geta að upplýsingar vantar um heildarfjölda viðtala árið 1997 og því er það ár ekki með á mynd 3. Heildarfjöldi viðtala árið 2024 var 3.155, sem er um 3,3% fækkun frá árinu 2023. Heildarfjöldi viðtala var einnig lægri en árin 2021 og 2022. Heildarfjöldi viðtala sem veitt voru árið 2024 voru þó hærri en á árunum 1990 til 2020.

Heildarfjöldi allra veittra viðtala frá stofnun Stígamóta er 74.325 viðtöl.

Ef ofangreindar upplýsingar sem fram koma í myndum 1 til 3 eru dregnar saman kemur fram að heildarfjöldi nýrra brotaþola hefur ekki verið lægri síðan árið 2012, heildarfjöldi allra einstaklinga sem sóttu þjónustu Stígamóta hefur ekki verið lægri síðan 2016 og heildarfjöldi viðtala hefur ekki verið lægri síðan 2020 þó það muni litlu á milli ára.

Frá árinu 2013 og fram til dagsins í dag hefur samfélagsumræða um kynferðisofbeldi aukist. Gera má ráð fyrir að aukning í samfélagsumræðu leiði til aukningar á því að einstaklingar leiti sér aðstoðar á Stígamótum. Einnig má gera ráð fyrir að COVID-19 faraldurinn sem hófst árið 2020 hafi leitt til uppsafnaðs fjölda einstaklinga sem leituðu sér aðstoðar á Stígamótum eftir að samkomutakmörkunum var hætt og faraldurinn rénaði. Velta má fyrir sér hvort aukning síðustu ára hafi náð hápunkti en þess ber að geta að síðustu ár hefur úrræðum líka fjölgað.

Það er þó líka mikilvægt að nefna að fækkun fjölda nýrra brotaþola, heildarfjölda einstaklinga og heildarfjölda viðtala árið 2024 borið saman við árin 2021 til 2023 getur verið tilkomin vegna þess að á árinu 2023 störfuðu 12 fastráðnir ráðgjafar í fullu eða hluta starfi á Stígamótum en á árinu 2024 störfuðu einungis 10 fastráðnir ráðgjafar á Stígamótum. Auk þess voru á árunum 2021 til 2023 fleiri ráðgjafar ráðnir inn tímabundið í hlutastörf auk fastráðinna ráðgjafa til að minnka biðlista. Því fleiri sem ráðgjafar eru því stærri hóp nær Stígamót að sinna og fleiri viðtöl veitt.

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga á biðlista í lok áráanna 2020 til 2024

	Lok árs 2020	Lok árs 2021	Lok árs 2022	Lok árs 2023	Lok árs 2024
Fjöldi einstaklinga	52	200	235	179	147

Í júlí 2020 var tekinn upp í fyrsta skipti biðlisti hjá Stígamótum vegna mikillar aðsóknar í viðtöl og hefur biðlistinn því miður verið til síðan. Fjöldi einstaklinga sem biðu eftir viðtali á biðlistanum jókst milli áráanna 2020 til 2022. Um 32 færri einstaklingar biðu á biðlistanum í lok árs 2024 borið saman við lok árs 2023, en í lok árs 2024 biðu 147 einstaklingar eftir viðtali. Ánægjulegt er að ekki hafa færri einstaklingar beðið á biðlistanum í lok árs að undanskildu árinu 2020 (þegar biðlistinn var tekinn upp). Ein af áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að finna leiðir til að minnka eða eyða biðlistanum.


Tafla 4. Fjöldi brotaþola sem kom í fyrsta skipti í viðtal á Stígamót eða í Bjarkarhlíð, skipt eftir árum

	2020		2021		2022		2023		2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Brotaþoli kom í viðtal á Stígamót	239	79,9%	395	88,4%	326	87,4%	311	86,1%	251	92,6%
Brotaþoli kom í viðtal í Bjarkarhlíð	60	20,1%	52	11,6%	47	12,6%	50	13,9%	20	7,4%
Alls	299	100%	447	100%	373	100%	361	100%	271	100%

Tvisvar í mánuði frá janúar fram til júlí árið 2024 veitti ráðgjafi frá Stígamótum viðtöl fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Bjarkarhlíð. Ákveðið var í samvinnu við Bjarkarhlíð að frá og með ágúst á árinu 2024 yrði hlé gert á því að ráðgjafi frá Stígamótum kæmi sérstaklega í Bjarkarhlíð til að veita viðtöl þar. Þessi ákvörðun var tekin vegna mikils biðlista á Stígamótum. Þolendum kynferðisofbeldis sem komu í Bjarkarhlíð frá ágúst og fram til lok árs árið 2024 var þó áfram vísað til Stígamóta og fóru í viðtal til ráðgjafa á Stígamótum.

Eins og tafla 4 sýnir sóttu 20 einstaklingar, af þeim 271 (eða 7,4%) sem komu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2024, fyrsta viðtal til ráðgjafa Stígamóta í Bjarkarhlíð. Þetta er lægra hlutfall borið saman við fyrri ár. Þetta lága hlutfall skýrist fyrst og fremst af því að hlé var gert frá og með ágúst árið 2024, á að ráðgjafi frá Stígamótum veitti viðtöl við þolendur sérstaklega í Bjarkarhlíð.

Öll tölfraðileg úrvinnsla um brotapolu á myndum og í töflum hér fyrir neðan byggir á þeim 271 brotapolu sem kom í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2024 og svaraði spurningalista um brotapolu. Öll tölfraðileg úrvinnsla um ofbeldismenn á myndum og töflum hér fyrir neðan byggir á 439 skýrslum sem þessi 271 brotapolu svaraði um þá ofbeldismenn sem beittu hann kynferðisofbeldi. Níu brotapolur sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2024 svöruðu ekki spurningalistunum og eru því ekki með í þessari úrvinnslu. Upplýsingar um þessa 9 einstaklinga eru á mynd 4 og í töflu 7, það er þar sem upplýsingar lágu fyrir.



Mynd 4. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2024

Aðsókn í viðtöl er breytileg á milli ára og mánaða, og því erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Mynd 4 sýnir að fjöldi nýrra viðtala var mestur í september (39 viðtöl) og næstmestur í október (37 viðtöl). Fjöldi nýrra viðtala var minnstur í júlí og desember (9 viðtöl í báðum mánuðum). Í júlí voru flestir fastráðinna ráðgjafa í sumarfrí og í desember eru allir fastráðnir ráðgjafar í frí milli jóla og nýárs sem skýrir að fjöldi viðtala var minnstur þessa mánuði.

Tafla 5. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisofbeldi gegn barni	156	57,6%
Nauðgun	147	54,2%
Nauðgunartilraun	45	16,6%
Klám	12	4,4%
Vændi	8	3,0%
Kynferðisleg áreitni	91	33,6%
Stafrænt kynferðisofbeldi	30	11,1%
Annað	8	3,0%
Fjöldi einstaklinga	271	

Tafla 5 sýnir ástæður þess að einstaklingar leituðu til Stígamóta árið 2024. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu sem nefndar eru fleiri en einstaklingarnir (271).

Flestir brotapolar nefndu kynferðisofbeldi gegn barni sem ástæðu komu til Stígamóta (eða 57,6%), næst hæsta hlutfall brotapola nefndi nauðgun (eða 54,2%) og þriðja hæsta hlutfall brotapola nefndi kynferðislega áreitni (eða 33,6%). Þetta eru svipuð hlutföll og fram komu í árskýrslu ársins 2023 en þá voru nauðgun, kynferðisofbeldi gegn barni og kynferðisleg áreitni þeir þrír brotaflokkar sem brotapolar nefndu oftast. Árið 2023 nefndi hinsvegar hæsta hlutfall brotapola nauðgun sem ástæðu komu (eða um 69,5%), næst hæsta hlutfall brotapola nefndi kynferðisofbeldi gegn barni (eða 52,1%) og þriðja hæsta hlutfall brotapola nefndi kynferðislega áreitni (eða 42,1%).

Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að innan brotaflokksins kynferðisofbeldi gegn barni telst allt kynferðisofbeldi sem brotapolí hefur verið beittur fyrir 18 ára aldur.

Tafla 5 sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu vændi sérstaklega sem ástæðu komu og sóttu í fyrsta skipti viðtöl á Stígamót árið 2024, samtals 8 einstaklingar. Til viðbótar koma fram upplýsingar um þolendur vændis þegar skoðað er hvaða afleiðingar brotapolar eru að glíma við

(sjá mynd 12) en 10 þeirra sem nefndu vændi sem afleiðingu nefndu vændi ekki sérstaklega sem ástæðu komu.

Það eru því 18 nýir brotapolar sem nefndu að þeir væru þolendur vændis.

Á Stígamótum hefur það sama sýnt sig og hjá erlendum systursamtökum að langan tíma tekur að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrsta viðtal og þolendur vændis því vantaldir.

Til að fá skýrari mynd af heildarfjölda allra einstaklinga sem eru þolendur vændis og sóttu viðtöl á Stígamótum árið 2024 var upplýsingum safnað um hversu margir þeirra sem voru í viðtölum á Stígamótum á árinu, en komu ekki í fyrsta viðtal það ár, hefðu verið í vændi og/eða klámiðnaði. Vitað er að árið 2024 voru í viðtölum 14 einstaklingar (allt konur) sem höfðu verið í vændi og/eða klámiðnaði og leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta fyrir árið 2024. Þetta er sami fjöldi og kom fram í ársskýrslu ársins 2023.

Staðfest er að í það minnsta 32 af þeim 707 einstaklingum sem sóttu viðtöl á Stígamótum árið 2024 eru þolendur vændis og/eða klámiðnaðs.

Tafla 6. Stafrænt kynferðisofbeldi og ólíkar birtingarmyndir stafræns kynferðisofbeldis árið 2024

	Hefur brotaþoli verið beittur einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi eða verið hótað að vera beittur slíku ofbeldi?		Myndefni (ljósmyndir, kvikmyndir eða annað myndefni):		Texti:	
			Hefur brotaþoli verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi sem felst í að myndefni þar sem hann er sýndur nakinn eða á kynferðislegan hátt hefur verið birt, dreift eða geymt gegn vilja brotaþola eða því hótað?		Hefur brotaþoli verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi sem felst í að texti þar sem talað er um hann á kynferðislegan hátt hefur verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja brotaþola eða því hótað?	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	58	21,4%	47	17,3%	23	8,5%
Nei	213	78,6%	209	77,1%	236	87,1%
Upplýsingar vantar	-	-	15	5,5%	12	4,4%
Alls	271	100%	271	100%	271	100%

Tafla 6 sýnir hvort brotaþoli hafi verið beittur (eða hótað að vera beittur) einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi. Tafla 6 sýnir einnig hvort brotaþoli hafi verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi, þar sem annarsvegar myndefni (það er ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni) og hinsvegar texti hafði verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja brotaþola eða því hótað. Þessar upplýsingar eru ekki frekar aðgreindar. Fram kemur í töflu 6 að 21,4% brotaþola (eða 58 brotaþolar) nefndu að þeir hefðu verið beittir einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi eða verið hótað slíku ofbeldi. Um 17,3% brotaþola (eða 47 brotaþolar) höfðu verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem myndefni sem sýndi þá nakta eða á kynferðislegan hátt hafði verið birt, dreift eða geymt gegn vilja þeirra eða því hótað. Tafla 6 sýnir einnig að 8,5% brotaþola (eða 23 brotaþolar) nefndu að þeir hefðu verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem texti þar sem talað var um þá á kynferðislegan hátt hafði verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja þeirra eða því hótað.

Þetta eru aðeins lægri hlutföll en fram komu í ársskýrslu ársins 2023. Árið 2023 var hlutfall brotaþola sem beittir voru (eða hótað að vera beittir) einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi 28%, hlutfall brotaþola sem beittir voru (eða hótað að vera beittir) stafrænu kynferðisofbeldi þar sem myndefni var birt, dreift, geymt eða því hótað var 21,3% og hlutfall brotaþola sem beittir voru (eða hótað að vera beittir) stafrænu kynferðisofbeldi þar sem texti þar sem talað var um þá á kynferðislega hátt, en þá var hlutfallið 9,1%.

Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint annað ofbeldi sem ástæðu komu (sjá töflu 5) en svo er merkt við að hann hafi einnig verið beittur stafrænu ofbeldi í töflu 6. Skýringin á því er sú að einstaklingur getur talið ástæðu fyrir komu til Stígamóta vera aðra, en þegar spurt er frekar um stafrænt kynferðisofbeldi svarar viðkomandi að hann hafi verið beittur slíku ofbeldi. Einnig gæti einstaklingur hafa tilgreint stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu en ekki svarað frekari spurningum um stafrænt kynferðisofbeldi hér að ofan þar sem spurt er nánar um ólíkar birtingarmyndir stafræns kynferðisofbeldis. Því er ekki samræmi í fjölda einstaklinga sem nefna stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu og fjölda þeirra sem tilgreina að þeir hafi verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi.

Lýðupplýsingar um brotaþola

Tafla 7. Skipting einstaklinga eftir kyni árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Kona	233	83,2%
Karl	42	15,0%
Kynsegin	5	1,8%
Alls	280	100%

Tafla 7 sýnir fjölda og hlutfall einstaklinga skipt eftir kyni. Tafla sjö sýnir að fimm einstaklingar skilgreindu sig kynsegin. Eins og árin á undan leituðu umtalsvert fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2024. Athyglisvert var hinsvegar að hlutfall karla var 15% og er það hærra hlutfall en kom fram í ársskýrslum áráanna 2021 til 2023 (en þá var hlutfall karla á bilinu 7,1 til 11,4%).

Tafla 8. Þjóðerni brotaþola árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	240	88,6%
Blandað þjóðerni	6	2,2%
Frá öðrum löndum	25	9,2%
Alls	271	100%

Tafla 8 sýnir að flest þeirra sem komu til Stígamóta árið 2024 voru íslensk eða um 88,6%. Þetta er svipað hlutfall og árin 2008 til 2023.

Tafla 9a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2024


Tafla 9a. Aldur er aðstoðar var leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	6	2,2%
18 - 29 ára	121	44,6%
30 - 39 ára	48	17,7%
40 - 49 ára	49	18,1%
50 - 59 ára	28	10,3%
60 ára og eldri	18	6,6%
Upplýsingar vantar	1	0,4%
Alls	271	100%

Tafla 9b. Aldur er ofbeldi var fyrst framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	15	5,5%
5 - 10 ára	79	29,2%
11 - 17 ára	92	33,9%
18 - 29 ára	58	21,4%
30 - 39 ára	9	3,3%
40 - 49 ára	6	2,2%
60 ára og eldri	1	0,4%
Ekki viss	2	0,7%
Upplýsingar vantar	9	3,3%
Alls	271	100%

Tafla 9a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 9b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst eða þegar það var fyrst beitt ofbeldi. Um 62,3% þeirra sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2024 voru á aldrinum 18 til 39 ára, en ofbeldið hófst hins vegar fyrir 18 ára aldur hjá um 68,6% brotaþola. Þetta er í samræmi við úttektir sem gerðar voru á einstaklingum sem leituðu til Stígamóta annars vegar á árunum 2009 til 2011⁵ og hins vegar á árunum 2016 til 2018⁶ en í báðum úttektum kom fram að tæplega 70% einstaklinga voru yngri en 18 ára þegar þeir voru fyrst beittir kynferðis- ofbeldi. Á árunum 2009 til 2011 voru það 68,5% einstaklinga, en á árunum 2016 til 2018 voru það 64,8%.



Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar aðstoðar var leitað árið 2024 og aldri þeirra þegar ofbeldi var fyrst framið

Það er eftirtektarvert að nokkur tími líður frá því að kynferðisofbeldi á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar vegna þess (sjá mynd 5). Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamóta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímenn sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar. Jafnframt sýnir þessi mynd að megnið af fólkinu sem leitar til Stígamóta var fyrst beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, þ.e. meðan það var enn á barns- og unglingsaldri.

5 Anna Þ. Kristinsdóttir. (2013). Samanburður á afleiðingum hjá þeim sem upplifðu kynferðisofbeldi fyrst fyrir 18 ára aldur og þeim sem upplifðu kynferðisofbeldið fyrst 18 ára eða eldri. Óútgefin skýrsla.

6 Anna Þ. Kristinsdóttir. (2019). Upplýsingar um einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árunum 2016 til 2018 og höfðu verið beittir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Óútgefin skýrsla.

Tafla 10. Brotaþoli skilgreinir sig með einhverja af eftirtöldum fötlunum: þroskahömlun, hreyfihömlun, blindu/sjónskerðingu, geðsjúkdóm, einhverfu, heyrnarskerðingu eða aðra fötlun, skipt eftir örorku árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Brotaþoli skilgreinir sig ekki með neina fötlun	180	66,4%
Brotaþoli skilgreinir sig með fötlun/fatlanir en er ekki metinn til örorku vegna hennar/þeirra	50	18,5%
Brotaþoli skilgreinir sig með fötlun/fatlanir og er metinn til örorku vegna hennar/þeirra	26	9,6%
Brotaþoli skilgreinir sig með fötlun/fatlanir en ekki er vitað hvort viðkomandi er metinn til örorku vegna hennar/þeirra	9	3,3%
Upplýsingar vantar	6	2,2%
Alls	271	100%


Tafla 10 sýnir að um 31,4% einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2024 skilgreindu sig með einhverja af ofangreindum fötlunum, óháð því hvort þeir voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra eða ekki. Þetta hlutfall er aðeins lægra borið saman við sambærilegt hlutfall úr ársskýrslu ársins 2023 (en þá var hlutfallið 36,3%). Tafla 10 sýnir einnig að 9,6% þeirra sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2024 og skilgreindu sig með einhverja af ofangreindum fötlunum, voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra. Þetta hlutfall er lægra en sambærilegu hlutfalli í ársskýrslu ársins 2023 (en þá var hlutfallið 11,1%).

Tafla 11. Fötlun skipt eftir því hvort brotaþoli var metinn til örorku vegna hennar árið 2024

	Metinn til örorku		Ekki metinn til örorku og óvíst		Alls	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Þroskahömlun	1	3,8	1	1,7	2	2,4
Hreyfihömlun	7	26,9	-	-	7	8,2
Blinda/sjónskerðing	-	-	1	1,7	1	1,2
Langvarandi geðrænar áskoranir (sem valda því að viðkomandi þarf talsverðan stuðning til að taka þátt í samfélaginu)	11	42,3	28	47,5	39	45,9
Einhverfa	4	15,4	10	16,9	14	16,5
Heyrnarleysi/-skerðing	1	3,8	1	1,7	2	2,4
Annað	8	30,8	29	49,2	37	43,5
Fjöldi einstaklinga	26		59		85	

Hlutfallið í töflu 11 miðast annars vegar við 26 einstaklinga sem skilgreina sig með einhverja af ofantöldum fötlunum og eru metnir til örorku vegna hennar/þeirra, og hins vegar við 59 einstakling sem skilgreindi sig með fötlun en var ekki metinn til örorku vegna hennar/þeirra eða óvíst hvort hann væri metinn til örorku vegna fötlunar. Í töflu 11 byggir fjöldi brotaþola sem skilgreindu sig með fötlun eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um fötlun og örorku vegna hennar/þeirra. Hér eru því ekki taldir með brotaþolar þar sem ekki fengust upplýsingar um annað hvort fötlun eða örorku. Hafa ber þetta í huga við túlkun upplýsinga. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 11 getur verið hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eina fötlun.

Tafla 11 sýnir að flest þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2024 og merktu við einhverja fötlun skilgreindu sig með langvarandi geðrænar áskoranir (eða 45,9%). Þetta er lægra hlutfall en sambærilegt hlutfall sem kom fram í ársskýrslu ársins 2023 (en þá var hlutfallið 67,2%). Markmiðið með þessum tveimur ofangreindu töflum er að fá betri mynd af því hversu vel Stígamót ná til fólks sem skilgreinir sig með fatlanir og fyrir hvaða hópa þarf að auka aðgengi sérstaklega. Stígamót leggja ríka áherslu á að auka aðgengi fyrir fólk sem skilgreinir sig með fatlanir.




Mynd 6. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2024

Á mynd 6 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta, en um 72,7% þeirra bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2024 bjuggu 63,6% landsmanna 18 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu en það er fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópnum eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þó er einnig boðið upp á símaviðtöl eða viðtöl í gegnum annan fjarfundabúnað sem fólk utan höfuðborgarsvæðisins hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ hefur opnað möguleika fyrir þá sem búa á Ísafirði og nágrenni, að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði. Ráðgjafi frá Stígamótum fer reglulega og veitir viðtöl á Ísafirði og hefur svo verið frá september 2016.


Síðustu ár hafa tekið til starfa önnur úrræði fyrir brotapolabæði á Akureyri og á Selfossi.

Um ofbeldisverkin



Mynd 7. Hve lengi stóð kynferðisofbeldi gegn barni yfir?

Hlutfallið á mynd 7 miðast við þá 145 einstaklinga sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn og svöruðu spurningu um hve lengi kynferðisofbeldið stóð yfir. Tölum um hve lengi kynferðisofbeldi gegn barni stendur yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Ljóst er að kynferðisofbeldi gegn barni er ofbeldi sem er oft viðvarandi í mörg ár. Mynd 7 sýnir að í um 46,9% tilfella stóð kynferðisofbeldi gegn barni yfir í eitt ár eða lengur. Þetta er hærra hlutfall en sambærilegt hlutfall í ársskýrslu ársins 2023 en þá var hlutfallið 33,9%.



Mynd 8. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana árið 2024

Mynd 8 sýnir birtingarmyndir nauðgana. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda þeirra tilvika þar sem greint var frá mismunandi birtingarmyndum nauðgana eða 178 tilvik. Á mynd 8 er greint frá birtingarmyndum nauðgana og getur sami brotaþoli merkt við fleiri en eina birtingarmynd og þess vegna getur fjöldinn verið meiri en í fjölda ástæðna fyrir komu á Stígamót. Þá svöruðu ekki allir sem merktu við nauðgun sem ástæðu fyrir komu spurningunni um mismunandi birtingarmyndir.

Á mynd 8 vísar svarmöguleikinn annað til nauðgana sem falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar en þær sem settar eru fram á myndinni.

Mynd 8 sýnir að í hlutfallslega flestum tilvikum nauðgana upplifði brotaþoli ekki byrlun, hópnauðgun eða að meðvitundarleysi þeirra væri nýtt (eða um 64,6%). Þetta er aðeins hærra hlutfall en kemur fram í ársskýrslu frá árinu 2023 (þá var sambærilegt hlutfall nauðgana um 62,8%).

Um 15,7% nauðgana (eða í 28 tilvikum) áttu sér stað þegar meðvitundarleysi brotaþola vegna áfengis eða lyfja var nýtt. Þetta er svipað hlutfall og kemur fram í ársskýrslu ársins 2023 (þá var sambærilegt hlutfall nauðgana 15,9%). Mynd 8 sýnir að í 10,7% tilvika (eða í 19 tilvikum) var um byrlun að ræða, sem er svipað hlutfall en í ársskýrslu ársins 2023 en þá var sambærilegt hlutfall nauðgana um 10,3%. Mynd 8 sýnir einnig að í 12 tilvikum (eða 6,7%) þeirra nauðgana sem nefndar voru, var um hópnauðgun að ræða. Þetta er svipað hlutfall en í ársskýrslu ársins 2023 en þá var sambærilegt hlutfall hópnauðgana um 6,6%.

Í 3 tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn og í 2 tilfellum hópnauðgana voru 3 ofbeldismenn. Í 5 tilfellum voru ofbeldismenn á bilinu 4 til 7. Í 2 tilfellum vantaði upplýsingar um fjölda ofbeldismanna.

Rétt er að ítreka að þrátt fyrir ólíkar birtingarmyndir nauðgana er sá sem beitir ofbeldinu alltaf ábyrgur fyrir ofbeldinu.

Tafla 12. Brotapola var byrjað lyf þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2024

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Nei	143	91,7	94	63,9	35	77,8	8	66,7	5	62,5	69	75,8	5	62,5
Já	4	2,6	16	10,9	3	6,7	-	-	-	-	1	1,1	-	-
Í sumum tilvikum	-	-	6	4,1	3	6,7	-	-	-	-	2	2,2	-	-
Já grunar það	-	-	6	4,1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Ekki viss	1	0,6	6	4,1	-	-	-	-	1	12,5	-	-	-	-
Upplýsingar vantar	8	5,1	19	12,9	4	8,9	4	33,3	2	25,0	19	20,9	3	37,5
Alls	156	100	147	100	45	100	12	100	8	100	91	100	8	100

Tafla 12 greinir frá hvort einstaklingi hafi verið byrjað lyf þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Í um 10,9% tilvika þegar um nauðgun var að ræða var brotapola byrjað lyf og 2,6% tilvika þegar um kynferðisofbeldi gegn barni var að ræða.

Eins og tafla 12 sýnir þá nefndu 16 einstaklingar sem hafði verið nauðgað að þeim hefði verið byrjað lyf, þetta eru færri einstaklingar sem hafði verið nauðgað og byrjað lyf og fram kom í ársskýrslum árána 2021 til 2023 (á þessum árum voru þetta á bilinu 19 til 28 einstaklingar). Þegar mynd 8 er borin saman við töflu 12 kemur í ljós að í 19 tilvikum nauðgana byrjaði ofbeldismaðurinn brotapólanum samkvæmt mynd 8, en tafla 12 sýnir aftur á móti 16 tilvik þar sem ofbeldismaður byrjaði brotapóla þegar um nauðgun var að ræða. Hafa ber í huga að einstaklingur getur tilgreint að um lyfjanauðgun hafi verið að ræða þegar hann svarar hverjar birtingarmyndir nauðgunar voru en ekki tilgreint eða svarað spurningu um hvort honum hafi verið byrjað lyf, eða öfugt. Því er ekki alltaf samræmi í fjölda tilvika þar sem um lyfjanauðgun var að ræða (sem mynd 8 sýnir) og fjölda tilvika þar sem lyfjum var byrjað (sem tafla 12 sýnir).

Um 12,9% (35 einstaklingar) þeirra 271 brotapóla sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2024 nefndu að þeim hafði verið byrjað lyf (eða þeim grunaði það) þegar þeir voru beittir kynferðisofbeldi. Þetta er svipað hlutfall og kom fram í ársskýrslu ársins 2023 en þá var hlutfallið líka um 13%.

Mikilvægt er að taka það fram að oft er erfitt að átta sig á því hvort brotapólum hafi verið byrjað og lyf eru oft fljót að fara úr líkamanum. Því fæst sjaldan staðfesting á því að ofbeldismenn hafi byrjað brotapólum og án efa eru hér einhverjar skuggatölur.

Tafla 13. Landsvæði þar sem ofbeldinu var beitt, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2024

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni	Nauðgun	Nauðgunar- tilraun	Klám	Vændi	Kynferðisleg áreitni	Annað
Reykjavík	37,6%	37,7%	51,0%	33,3%	20,0%	43,3%	57,1%
Annað höfuðborgar- svæði	11,2%	9,3%	11,8%	8,3%	30,0%	11,5%	-
Utan höfuðborgar- svæðis	33,5%	30,2%	13,7%	25,0%	10,0%	23,1%	28,6%
Erlendis	17,1%	21,6%	21,6%	25,0%	20,0%	22,1%	14,3%
Ekki viss	0,6%	1,2%	2,0%	8,3%	20,0%	-	-
ALLS	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Fjöldi tilvika	(170)	(162)	(51)	(12)	(10)	(104)	(7)

Í töflu 13 er greint frá hvar ólíkum tegundum ofbeldis var beitt. Í hverjum brotaflokkum fyrir sig geta staðirnir sem nefndir eru verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 13 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi var beitt í hverjum brotaflokkum. Tafla 13 sýnir að kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk. Hæsta hlutfall tilvika í öllum tilgreindum brotaflokkum er á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er í samræmi við það að flestir sem leita til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu og þar eru flestir landsmenn búsettir.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn *stafrænt kynferðisofbeldi* er ekki tekinn með í töflu 13 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi er í eðli sínu ekki staðbundið.

Tafla 14. Hvar kynferðisofbeldinu var beitt, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2024

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis- leg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Á sameiginlegu heimili	34	16,2	34	18,2	10	20,0	7	50,0	-	-	12	7,7	2	28,6
Á heimili ofbeldis- mannsins	63	30,0	49	26,2	10	20,0	3	21,4	3	33,3	23	14,7	1	14,3
Á heimili brotaþola	38	18,1	26	13,9	7	14,0	-	-	-	-	19	12,2	2	28,6
Í heimahúsi	16	7,6	17	9,1	6	12,0	1	7,1	-	-	13	8,3	-	-
Á vinnustað	3	1,4	1	0,5	1	2,0	-	-	1	11,1	18	11,5	-	-
Á eða við skemmti- stað	1	0,5	3	1,6	5	10,0	-	-	-	-	20	12,8	-	-
Á útihátíð	-	-	6	3,2	2	4,0	-	-	-	-	6	3,8	1	14,3
Í tómstundum eða íþróttastarfi	4	1,9	-	-	-	-	-	-	-	-	5	3,2	-	-
Á opinberri stofnun	10	4,8	5	2,7	-	-	-	-	-	-	6	3,8	-	-
Utandyra	17	8,1	20	10,7	5	10,0	-	-	2	22,2	13	8,3	-	-
Á internetinu	1	0,5	-	-	-	-	1	7,1	-	-	10	6,4	-	-
Annað	20	9,5	24	12,8	4	8,0	1	7,1	2	22,2	10	6,4	1	14,3
Ekki viss	3	1,4	2	1,1	-	-	1	7,1	1	11,1	1	0,6	-	-
Alls	210	100	187	100	50	100	14	100	9	100	156	100	7	100


Tafla 14 greinir frá því hvar ólíkum tegundum ofbeldis var beitt. Í hverjum brotaflokkum fyrir sig geta þeir staðir verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 14 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokkum.

Í töflu 14 kemur fram að kynferðisofbeldi gegn barni á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotþola og ofbeldismann (samts í um 64,3% tilfella). Þetta er aðeins hærra en þó sambærilegt við niðurstöður sem komu fram kom í ársskýrslu ársins 2023, en þá var það í 63,4% tilfella að kynferðisofbeldi gegn barni hafi verið beitt á áðurnefndum stöðum.

Nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, á sameiginlegu heimili brotþola og ofbeldismann og í heimahúsi (nauðganir í um 67,4% tilvika og nauðgunartilraunir í um 66% tilvika). Þessi hlutföll eru aðeins lægri borið saman við sambærileg hlutföll í ársskýrslu ársins 2023 en þar kemur fram að nauðgunum er beitt á áðurnefndum stöðum í um 76% tilvika og tilraunum til nauðgana í um 68% tilvika. Athyglisvert er að kynferðislegri áreitni er beitt utan heimila í um 50% tilvika, sem er lægra hlutfall og fram kemur í ársskýrslu ársins 2023 (þá var það í um 55% tilvika).

Í dálkinum *annað* getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn *stafrænt kynferðisofbeldi* var ekki tekinn með í töflu 14 og mynd 9 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi verður ekki staðsett í þessari merkingu.



Mynd 9. Hvar kynferðisofbeldinu var beitt árið 2024

Mynd 9 greinir frá því hvar ólíkum tegundum ofbeldis var beitt, þegar búið er að sameina alla brotaflokkka í eina heild. Í hverjum brotaflokki fyrir sig geta staðirnir sem nefndir eru verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið á mynd 9 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi var beitt (að undanskildu stafrænu kynferðisofbeldi), en heildarfjöldi tilvika var 633.


Fram kemur á mynd 9 að kynferðisofbeldi á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns eða í heimahúsi (samtals í um 62,5% tilvika). Þetta aðeins lægra hlutfall en það sem fram koma í ársskýrslu frá árinu 2023 (þá var það 63,4%).

Tafla 15. Hverjum brotaþoli hefur sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2024

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Stafrænt kyn- ferðisofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum sagt frá ofbeldinu	9	5,8	8	5,4	9	20,0	6	50,0	1	12,5	8	8,8	8	26,7	1	12,5
Sagt maka frá ofbeldinu	62	39,7	37	25,2	9	20,0	2	16,7	4	50,0	22	24,2	3	10,0	3	37,5
Sagt fyrr- verandi maka frá ofbeldinu	29	18,6	25	17,0	2	4,4	-	-	-	-	16	17,6	1	3,3	3	37,5
Sagt móður frá ofbeldinu	76	48,7	62	42,2	9	20,0	1	8,3	2	25,0	36	39,6	5	16,7	3	37,5
Sagt föður frá ofbeldinu	40	25,6	29	19,7	3	6,7	-	-	-	-	16	17,6	2	6,7	3	37,5
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	70	44,9	48	32,7	10	22,2	-	-	1	12,5	24	26,4	3	10,0	1	12,5
Sagt vinkonu/ vini frá ofbeldinu	78	50,0	99	67,3	21	46,7	3	25,0	2	25,0	44	48,4	5	16,7	5	62,5
Sagt spon- sor í 12 spora samtökum frá ofbeldinu	9	5,8	3	2,0	3	6,7	1	8,3	1	12,5	3	3,3	1	3,3	1	12,5
Sagt öðrum frá ofbeldinu	5	3,2	7	4,8	2	4,4	-	-	-	-	3	3,3	-	-	-	-
Óvíst hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	-	-	2	1,4	1	2,2	-	-	-	-	1	1,1	-	-	-	-
Upplýsingar vantar	9	5,8	19	12,9	4	8,9	2	16,7	2	25,0	24	26,4	14	46,7	2	25,0
Fjöldi einstaklinga	156		147		45		12		8		91		30		8	

Tafla 15 greinir frá því hverjum brotaþoli hefur áður sagt frá ofbeldinu. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þannig er samanlagður fjöldi í töflu 15 hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Eins og sést í töflu 15 hefur um og yfir helmingur einstaklinga sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem barn, einstaklinga sem beittir hafa verið nauðgun og einstaklinga sem beittir hafa verið nauðgunartilraun sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu. Þetta eru svipuð hlutföll og fram komu í ársskýrslu frá árinu 2023 (þá höfðu yfir helmingur þeirra sem beittir voru ofangreindu ofbeldi sagt vinkonu/vini frá því).



Mynd 10. Hverjum brotaþoli hefur sagt frá árið 2024

Mynd 10 sýnir hvaða aðila brotaþoli hafði áður sagt frá kynferðisofbeldinu, óháð brotaflokkum. Hlutfallið á mynd 10 miðast við heildarfjölda einstaklinga (271) en upplýsingar vantar frá 16 (5,9%). Þá er mikilvægt að taka fram að samantlagður fjöldi á mynd 10 er hærri en fjöldi einstaklinga þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Á mynd 10 sést að um 64,9% höfðu sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og um 35,8% höfðu sagt maki frá ofbeldinu. Þetta eru lægri hlutföll en fram komu í ársskýrslu ársins 2023, en þá höfðu um 72,6% sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og 38,2% sagt maki frá. Athyglisvert er að yfir helmingur höfðu sagt móður frá ofbeldinu eða um 51,3%. Þetta er sambærilegt við niðurstöður sem fram komu í ársskýrslu ársins 2023 en þá hafði tæpur helmingur sagt móður frá ofbeldinu (eða 49%).


Tafla 16. Fagaðilar sem ofbeldið hafði verið rætt við áður en komið var til Stígamóta árið 2024, skipt eftir tegund ofbeldis

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Stafrænt kyn- ferðisofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Enginn fagaðili	39	25,0	35	23,8	19	42,2	6	50,0	3	37,5	24	26,4	7	23,3	3	37,5
Læknir	12	7,7	14	9,5	1	2,2	-	-	-	-	2	2,2	-	-	1	12,5
Starfsfólk geð- deildar	3	1,9	1	0,7	-	-	-	-	1	12,5	2	2,2	-	-	-	-
Geðlæknir	13	8,3	12	8,2	-	-	1	8,3	1	12,5	4	4,4	-	-	-	-
Hjúkrunarfræðingur	7	4,5	13	8,8	4	8,9	-	-	-	-	6	6,6	-	-	-	-
Sjúkraliði	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Félagsráðgjafi	5	3,2	5	3,4	-	-	-	-	-	-	1	1,1	1	3,3	-	-
Félagsþjónusta	-	-	-	-	1	2,2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Sálfræðingur	74	47,4	65	44,2	12	26,7	1	8,3	1	12,5	28	30,8	1	3,3	3	37,5
Fagaðili í vímuefna- merðferð	3	1,9	4	2,7	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Almennur ráðgjafi	3	1,9	2	1,4	1	2,2	-	-	-	-	2	2,2	-	-	1	12,5
Prestur	-	-	2	1,4	-	-	-	-	1	12,5	1	1,1	1	3,3	-	-
Skólastarfsmaður	3	1,9	6	4,1	-	-	-	-	-	-	1	1,1	-	-	-	-
Lögreglufulltrúi	5	3,2	11	7,5	1	2,2	-	-	-	-	4	4,4	4	13,3	1	12,5
Önnur samtök sem vinna fyrir brota- þola ofbeldis	16	10,3	19	12,9	3	6,7	-	-	-	-	7	7,7	3	10,0	1	12,5
Neyðarmóttaka	1	0,6	7	4,8	-	-	-	-	-	-	2	2,2	-	-	1	12,5
Barnahús	11	7,1	1	0,7	-	-	-	-	-	-	1	1,1	1	3,3	-	-
Annar fagaðili	9	5,8	7	4,8	1	2,2	-	-	1	12,5	4	4,4	3	10,0	1	12,5
Ekki viss	3	1,9	-	-	1	2,2	-	-	-	-	1	1,1	-	-	-	-
Upplýsingar vantar	11	7,1	19	12,9	9	20,0	4	33,3	2	25,0	24	26,4	13	43,3	2	25,0
Fjöldi einstaklinga	156		147		45		12		8		91		30		8	

Tafla 16 greinir frá því hvort brotaþoli hafi rætt ofbeldið við fagaðila og þá hverskonar, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 16 getur verið hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Um 25% þeirra sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn og um 23,8% þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Í ársskýrslu ársins 2023 eru sambærileg hlutföll hærri (eða um 27,1% þeirra sem beittir voru kynferðisofbeldi sem barn og um 25,9% þeirra sem beittir voru nauðgunum, höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið).


Yfir 20% brotaþola í öllum brotaflokkum höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið (sjá töflu 16). Athyglisvert er að yfir 40% þeirra sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn og nauðgunum höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið.



Mynd 11. Við hvaða fagaðila hefur ofbeldið verið rætt áður en komið var til Stígamóta árið 2024

Mynd 11 sýnir við hvaða fagaðila brotapolí hafði rætt áður en hann kom til Stígamóta, óháð brotaflokkum. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (271) en upplýsingar vantar frá 20 (7,4%). Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á mynd 11 er hærri en heildarfjöldi einstaklinga, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Um 31,4% höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið og er þetta herra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu ársins 2023 (en þá var hlutfallið 28,8%). Einnig er athyglisvert að um 50,6% höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið (sjá mynd 11) og er þetta herra hlutfall en fram kom í ársskýrslu ársins 2023 (þá var hlutfallið 47,1%).


Afleiðingar kynferðisofbeldis



Mynd 12. Afleiðingar kynferðisofbeldis árið 2024

Mynd 12 sýnir þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (271) en upplýsingar um afleiðingar vantar frá 13 manns (4,8%) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um svipmyndir. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjótast skyndilega og án fyrirvara upp í hugann og valda viðkomandi miklu hugarangri.

Mynd 12 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu kvíða, skömm, svipmyndir, depurð, lélega sjálfsmýnd og sektarkennd. Í ársskýrslum fyrri ára kemur einnig fram að hátt hlutfall brotþola nefna depurð, lélega sjálfsmýnd og sektarkennd sem afleiðingu kynferðisofbeldis, og frá því byrjað var að spyrja um skömm og kvíða hefur hlutfall þess alltaf verið hátt.



Mynd 13. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf árið 2024

Hlutföllin á mynd 13 miðast við heildarfjölda einstaklinga (271), af þeim vantaði upplýsingar frá 27 (10%).

Mynd 13 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu að áfengi eða matur hefði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf (28,4% nefndu áfengi og 17,3% nefndu mat). Um 16,2% nefndu að vinna hefði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf og um 15,1% nefndu að önnur vímuefni/lyf hefðu skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Um 34,3% einstaklinga töldu að ekkert af ofangreindu hefði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Ársskýrslur frá árunum 2012 til 2023 sýna einnig að hlutfallslega flestir þeirra sem nefna að neysla eða athafnir hafi skert lífsgæði nefndu áfengi, önnur vímuefni og mat.

Tafla 17. Sjálfsvígðistilraunir árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	187	69,0%
Já	58	21,4%
Upplýsingar vantar	26	9,6%
Alls	271	100%

Tafla 17 sýnir að 58 einstaklingar eða 21,4% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2024 höfðu gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs.

Tafla 18. Sjálfsvígðistilraunir, fleiri ár


	2020	2021	2022	2023	2024
Já	23,1%	23,0%	26,5%	24,4%	21,4%
Nei	70,6%	70,5%	68,4%	71,2%	69,0%
Fjöldi⁷	280	418	354	345	245

Eins og sést í töflu 18 hefur hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs verið á bilinu 21 til 26% á árunum 2020 til 2024.

⁷ Fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantar. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.

Tafla 19. Viðbrögð brotaþola þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2024

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Kynferðisleg áreitni	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég barðist á móti með líkamlegu afli eða orðum	34	21,8	45	30,6	16	35,6	25	27,5
Ég flúði eða reyndi að flýja	26	16,7	12	8,2	14	31,1	11	12,1
Ég fraus/ eða mér fannst líkami minn lamast	74	47,4	77	52,4	9	20,0	29	31,9
Ég gerði ekkert	62	39,7	36	24,5	6	13,3	23	25,3
Ég lét sem ekkert væri	27	17,3	21	14,3	5	11,1	14	15,4
Ég þóttist vera sofandi	18	11,5	17	11,6	5	11,1	7	7,7
Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi	6	3,8	16	10,9	1	2,2	3	3,3
Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi vegna áfengis og/eða annarra vímuefna/lyfja	4	2,6	36	24,5	5	11,1	1	1,1
Ég brást við með öðrum hætti	7	4,5	5	3,4	1	2,2	3	3,3
Ekki viss	20	12,8	1	0,7	-	-	4	4,4
Upplýsingar vantar	8	5,1	17	11,6	10	22,2	19	20,9
Fjöldi einstaklinga	156		147		45		91	



Mynd 14. Viðbrögð brotaþola þegar annars vegar nauðgun og hins vegar kynferðisofbeldi gegn barni átti sér stað (árið 2024)

Tafla 19 greinir frá því hver viðbrögð brotaþola voru þegar ofbeldinu var beitt, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflu 19 miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Mynd 14 greinir frá viðbrögðum brotaþola, annars vegar þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun og hins vegar þeirra sem beittir voru kynferðisofbeldi þegar þeir voru börn. Mikilvægt er að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 19 og á mynd 14 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Tafla 19 og mynd 14 sýna að meirihluti þeirra sem var nauðgað greindu frá að þeir hefðu frosið eða fundist líkami sinn lamast (eða 52,4%). Einnig kom fram að 24,5% þeirra sem var nauðgað gerðu ekkert og 14,3% létu sem ekkert væri. Þá kemur fram á mynd 14 og töflu 19 að hæsta hlutfall einstaklinga sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn hafði frosið eða fundist líkami sinn lamast (47,4%), næsthæsta hlutfall gerðu ekkert (eða 39,7%) og þriðja hæsta hlutfallið barðist á móti með líkamlegu afli eða orðum (eða um 21,8%). Tafla 19 sýnir að flestir þeirra sem beittir höfðu verið nauðgunartilraun og greindu frá viðbrögðum við ofbeldinu höfðu barist á móti, næstflestir greindu frá því að hafa flúið eða reynt að flýja og þriðja hæsta hlutfallið greindi frá því að þeir hefðu frosið eða fundist líkami sinn lamast. Tafla 19 sýnir einnig að flestir þeirra sem beittir höfðu verið kynferðislegri áreitni greindu frá því að þeir hefðu frosið, fundist líkami sinn lamast, næstflestir greindu frá því að þeir hefðu barist á móti og þriðja hæsta hlutfallið greindi frá því að þeir hefðu ekkert gert.

Þegar tafla 19 og mynd 14 eru bornar saman við samskonar töflur og myndir í ársskýrslum frá árunum 2018 til 2023 sést að öll árin nefndu hlutfallslega flestir sem var nauðgað eftirfarandi viðbrögð: 1) að þeir hefðu frosið eða þeim hafi fundist líkami sinn lamast, 2) að þeir hefðu barist móti, eða 3) að þeir gerðu ekkert. Einnig sýna niðurstöður frá þessum árum að hlutfallslega flestir sem máttu þola sifjaspell eða kynferðisofbeldi sem börn nefndu eftirfarandi: 1) að þeir gerðu ekkert eða 2) að þeir hefðu frosið eða þeim hafi fundist líkami sinn lamast.

Þessar niðurstöður sýna að algeng viðbrögð við kynferðisofbeldi eru að frjósa eða finnast líkami sinn lamast, gera ekki neitt, eða berjast á móti með líkamlegu afli eða orðum. Allt eru þetta eðlileg viðbrögð við þeim óeðlilegu aðstæðum sem kynferðisofbeldi er. Levine (1997)⁸ talar um að viðbrögð einstaklinga, líkt og dýra, geti verið þrenns konar þegar einstaklingur upplifir áfall eða mikinn ótta. Einstaklingar geta frosið, reynt að flýja eða barist á móti. Allt eru þetta viðbrögð sem geta hjálpað okkur að lifa af erfiðar aðstæður. Á Stígamótum lítum við svo á að það að frjósa eða gera ekki neitt séu eðlileg viðbrögð við kynferðisofbeldi, líkt og það að flýja eða berjast á móti. Stundum er besta leiðin til að lifa af að gera ekki neitt eða frjósa.

Tafla 20. Hefur brotaþoli verið hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	212	78,2%
Já	19	7,0%
Ekki viss	9	3,3%
Upplýsingar vantar	31	11,4%
Alls	271	100%

Tafla 20 sýnir að meirihluti brotaþola er ekki hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi (eða 78,2%) en 7% brotaþola nefndu að þeir væru hræddir um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Meirihluti brotaþola beitir ekki aðra kynferðisofbeldi jafnvel þótt þeir upplifi ótta um að eiga eftir að beita slíku ofbeldi. Eins og sést í töflu 21 hér fyrir neðan hefur meirihluti brotaþola (eða 84,5%) ekki beitt aðra kynferðisofbeldi.

Tafla 21. Hefur brotaþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	229	84,5%
Já	8	3,0%
Ekki viss	6	2,2%
Upplýsingar vantar	28	10,3%
Alls	271	100%

Lífseig goðsögn segir að þeir sem beittir eru kynferðisofbeldi beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Frá 84% til 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2008 til 2024 höfðu þó ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Þó er mikilvægt að muna að spurningar um hvort brotaþoli sé hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi eða hafi beitt aðra kynferðisofbeldi (tafla 20 og 21) eru erfiðar spurningar og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þótt ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

8 Levine, P.A. (1997). Waking the tiger: Healing trauma. Berkeley California: North Atlantic Books.

Kynjamunur á kynferðis- ofbeldi og afleiðingum þess fyrir brotþola

Rétt er að ítreka að á árinu skilgreindu 5 einstaklingar sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta kyn sitt sem kynsegin. Vegna smæðar þessara hópa og út frá sjónarmiðum persónuverndar eru þeir ekki hafðir með í samanburði á kyni í töflum og myndum hér fyrir neðan.

Tafla 22. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2024, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Kynferðisofbeldi gegn barni	125	54,6	27	73,0
Nauðgun	135	59,0	9	24,3
Nauðgunartilraun	43	18,8	1	2,7
Klám	12	5,2	-	-
Vændi	5	2,2	2	5,4
Kynferðisleg áreitni	86	37,6	4	10,8
Stafrænt kynferðisofbeldi	30	13,1	-	-
Annað	6	2,6	2	5,4
Fjöldi einstaklinga	229		37	

Hlutfallið í töflu 22 miðast við þá 37 karla og 229 konur sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tilteknu broti. Þá byggir fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði kyn brotþola og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annað hvort þessara atriða teljast þeir einstaklingar ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni. Tafla 22 sýnir að meðal þeirra karla sem leituðu til Stígamóta á árinu kom hæsta hlutfall þeirra vegna kynferðisofbeldi sem þeir voru beittir sem börn og næsthæsta hlutfall vegna nauðgunar. Þetta er í samræmi við ársskýrslu ársins 2023 en þá nefndu karlar í flestum tilvikum kynferðisofbeldi sem barn sem ástæðu fyrir komu til Stígamóta.

Af þeim konum sem leituðu til Stígamóta á árinu nefndi meirihluti nauðgun sem ástæðu fyrir komu, og eru það sambærilegar niðurstöður og koma fram í ársskýrslu ársins 2023.

Tafla 23. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana árið 2024, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nauðgun	109	83,2	4	44,4
Nauðgun þar sem meðvitundarleysi brotþola vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt	25	19,1	2	22,2
Lyfjanauðgun (nauðgun þar sem brotþola voru einnig byrðuð lyf)	16	12,2	3	33,3
Hópnauðgun	11	8,4	-	-
Annað	1	0,8	-	-
Ekki viss	3	2,3	-	-
Fjöldi einstaklinga	131		9	


Hlutfallið í töflu 23 miðast við þá 9 karla og 131 konu sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tiltekinni nauðgun. Þá byggir fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði kyn brotþola og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annað hvort, eru þeir aðilar ekki taldir með í þessari töflu. Heildarfjöldi mismunandi birtingarmynda nauðgana er ekki 147 líkt og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta, þar sem einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Þess má einnig geta að þeir sem merktu við nauðgun sem ástæðu komu, svöruðu ekki allir spurningunni um mismunandi birtingarmyndir nauðgana.

Tafla 23 sýnir að í hlutfallslega flestum tilvikum nauðgana upplifðu brotþolar af báðum kynjum ekki byrlun, hópnauðgun eða að meðvitundarleysi þeirra væri nýtt. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram koma í ársskýrslum frá árunum 2018 til 2023. Athygli vekur að næsthæsta hlutfall kvenna nefndi að þeim hefði verið nauðgað og meðvitundarleysi þeirra vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt.

Þá nefndu 16 konur og 3 karlar að þeim hefði verið byrðuð lyf, og 11 konur að þær hefðu orðið fyrir hópnauðgun (sjá töflu 23).

Tafla 24. Afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni árið 2024

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall%	Fjöldi	Hlutfall%
Kvíði	198	91,2	27	75,0
Skömm	192	88,5	32	88,9
Depurð	189	87,1	27	75,0
Svipmyndir	187	86,2	30	83,3
Léleg sjálfsmynd	178	82,0	30	83,3
Sektarkennd	175	80,6	28	77,8
Ótti	173	79,7	22	61,1
Tilfinningalegur doði	164	75,6	26	72,2
Erfiðleikar með svefn	158	72,8	24	66,7
Reiði	148	68,2	29	80,6
Einangrun	146	67,3	28	77,8
Erfitt með einbeitingu	138	63,6	16	44,4
Erfið tengsl við maka/vini	136	62,7	29	80,6
Kynlíf erfitt	122	56,2	21	58,3
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum	104	47,9	21	58,3
Sjálfsvígshugleiðingar	95	43,8	20	55,6
Líkamlegir verkir	82	37,8	10	27,8
Sjálfsköðun	79	36,4	18	50,0
Hegðunarerfiðleikar	71	32,7	19	52,8
Átröskun	69	31,8	4	11,1
Kynferðisleg hegðun	62	28,6	13	36,1
Efasemdir um kynhneigð	44	20,3	11	30,6
Vændi	11	5,1	2	5,6
Annað	13	6,0	2	5,6
Ekki viss	3	1,4	-	-
Fjöldi einstaklinga	217		36	



Mynd 15. Afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni árið 2024

Hlutfallið í töflu 24 og á mynd 15 miðast við þá 36 karla og 217 konur sem tilgreindu hvaða afleiðingar þau hafa glímt við. Einstaklingar greina oftast frá fleiri en einni afleiðingu í kjölfar kynferðisofbeldis, og þess vegna er fjöldi tilgreindra afleiðinga hærri en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er.


Við lestur og túlkun á töflu 24 og mynd 15 er mikilvægt að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 36. Fram kemur að karlar og konur nefna svipaðar afleiðingar; um og yfir 75% kvenna og karla nefna kvíða, skömm, depurð, svipmyndir, lélega sjálfsmynd og sektarkennd. Þessar niðurstöður eru í samræmi rannsókn sem Særún Ómarsdóttir (2014)⁹ gerði á gögnum Stígamóta frá árunum 2011 til 2013. Þar kemur fram að karlar og konur glíma við svipaðar afleiðingar í kjölfar ofbeldis og nefna um og yfir 80% bæði kvenna og karla skömm, lélega sjálfsmynd og depurð. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við ársskýrslur frá árunum 2014 til 2023 en þar kemur fram að um og yfir 60% bæði karla og kvenna nefna kvíða, skömm og lélega sjálfsmynd.

Athyglisvert er að samkvæmt töflu 24 og mynd 15 nefnir hærri hlutfall karla en kvenna skömm, lélega sjálfsmynd, reiði, einangrun, erfið tengsl við maka og vini, erfiðleika í öðrum félagslegum samskiptum, erfiðleika með kynlíf, sjálfsvígshugleiðingar, hegðunarerfiðleika, kynferðislega hegðun, sjálfsköðun, efasemdir um kynhneigð og vændi. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 24 og mynd 15 að fjöldi karla er aðeins 36 en kvenna 217.

⁹ Særún Ómarsdóttir. (2014). Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 25. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni árið 2024

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Áfengi	57	27,8	17	50,0
Önnur vímuefni/lyf	27	13,2	12	35,3
Matur	41	20,0	5	14,7
Vinna	33	16,1	10	29,4
Kynlíf	26	12,7	7	20,6
Klám	5	2,4	7	20,6
Íþróttaiðkun	21	10,2	2	5,9
Fjárhættuspil/tölvuleikir	6	2,9	6	17,6
Annað	7	3,4	1	2,9
Ekkert af þessu	85	41,5	6	17,6
Ekki viss	12	5,9	3	8,8
Fjöldi einstaklinga	205		34	



Mynd 16. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni árið 2024


Hlutfallið í töflu 25 og á mynd 16 miðast við þá 34 karla og 205 konur sem tilgreindu hvaða neysla eða athafnir hefðu skert lífsgæði þeirra. Einstaklingar greina oft frá mörgum atriðum sem skerða lífsgæði í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra skerðinga hærri en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er.

Hærra hlutfall kvenna en karla nefnir að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði þeirra. Athygli vekur að hærri hlutfall karla nefnir að áfengi, önnur vímuefni/lyf, vinna, kynlíf, klám eða fjárhættuspil/tölvuleikir, hafi skert lífsgæði þeirra, borið saman við konur. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum frá árunum 2014 til 2023.

Niðurstöður ársskýrsla áráanna 2014 til 2023 sýndu einnig að herra hlutfall kvenna nefndi að ekkert ofangreint hafi skert lífsgæði þeirra og herra hlutfall karla nefndi að áfengi, önnur vímuefni/lyf, klám eða fjárhættuspil/tölvuleikir hafi skert lífsgæði þeirra. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 25 og mynd 16 að fjöldi karla er aðeins 34 en kvenna 205.

Tafla 26. Sjálfsvígstílaunir, skipt eftir kyni árið 2024

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	164	80,0	21	60,0
Já	41	20,0	14	40,0
Fjöldi einstaklinga	205		35	




Mynd 17. Sjálfsvígstílaunir, skipt eftir kyni árið 2024

Hlutfallið í töflu 26 og á mynd 17 miðast við þá 35 karla og 205 konur sem tilgreindu hvort þau hefðu gert tílaun til sjálfsvígs.

Eins og sést í töflu 26 og á mynd 17 tilgreindi herra hlutfall karla en kvenna að þeir hefðu gert tílaun til sjálfsvígs. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við niðurstöður úr ársskýrslu frá árinu 2023 en þar kom fram að herra hlutfall karla hefði gert tílaun til sjálfsvígs borið saman við konur. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 26 og mynd 17 að karlar eru aðeins 35 en konur 205.

Tafla 27. Er brotaþoli hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni árið 2024

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	181	90,5	28	80,0
Já	13	6,5	5	14,3
Ekki viss	6	3,0	2	5,7
Fjöldi einstaklinga	200		35	



Mynd 18. Er brotaþoli hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni árið 2024
Hlutfallið í töflu 27 og á mynd 18 miðast við þá 35 karla og 200 konur sem svöruðu spurningunni hvort þau væru hrædd um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi.

Eins og sést í töflu 27 og á mynd 18 svöruðu um og yfir 80% bæði karla og kvenna að þau væru ekki hrædd um að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi. Aðeins um 6,5% kvenna tilgreindi að vera hrædd um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi borið saman við um 14,3% karla. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við ársskýrslu ársins 2023, en þar kom fram að hæsta hlutfall bæði karla og kvenna tilgreindu að vera ekki hrædd um að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við hlutföll sem komu fram í ársskýrslu ársins 2023 en þar kom líka fram að hærra hlutfall karla borið saman við hlutfall kvenna hafði tilgreint að vera hræddir um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 27 og mynd 18 að karlar eru aðeins 35 en konur 200 talsins. Rétt er að ítreka að það að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi er eðlileg afleiðing af kynferðisofbeldi. Meirihluti brotaþola beitir þó ekki aðra kynferðisofbeldi, jafnvel þótt þeir upplifi ótta um að eiga eftir að beita slíku ofbeldi (sjá töflu 21).

Upplýsingar um þá einstaklinga sem beittu kynferðisofbeldi

Árið 2023 var heildarfjöldi ofbeldismanna 477. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismennirnir mögulega taldir oftari en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja eftirfarandi upplýsingar á þeim 439 skýrslum um ofbeldismenn sem fylltar voru út af brotaþolum.

Tafla 28. Kyn ofbeldismanna árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	402	91,6%
Kona	37	8,4%
Alls	439	100%

Langflestir ofbeldismennirnir eru karlar eða 91,6% og er það í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum fyrri ára.

Tafla 29. Kyn ofbeldismanna, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2024

	Karl		Kona		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
Kynferðisofbeldi gegn barni	169	85,8%	28	14,2%	197
Nauðgun	168	97,1%	5	2,9%	173
Nauðgunartilraun	31	100,0%	-	-	31
Klám	5	100,0%	-	-	5
Kynferðisleg áreitni	51	96,2%	2	3,8%	53
Stafrænt kynferðisofbeldi	12	100,0%	-	-	12
Annað kynferðisofbeldi	5	71,4%	2	28,6%	7

Í töflu 29 koma fram upplýsingar um kyn ofbeldismanna, skipt eftir brotaflokkum. Fjöldi ofbeldisbrota í töflu 29 er ekki sambærilegur ástæðum þess að leitað var til Stígamóta (tafla 5), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (271) en í töflu 29 eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (439). Eins og fram kemur í töflu 29 er meirihluti ofbeldismanna í öllum brotaflokkum karlar. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum frá árunum 2018 til 2023.

Tafla 30. Kyn ofbeldismanna og brotaþola árið 2024

			Kyn ofbeldismanns				
			Karl	Kona	Kyn annað	Margir ofbeldismenn af fleiri en einu kyni	Samtals
Kyn brotaþola	Karl	Fjöldi	23	7	-	3	33
		Hlutfall %	69,7%	21,2%	-	9,1%	100%
	Kona	Fjöldi	188	3	-	8	199
		Hlutfall %	94,5%	1,5%	-	4,0%	100%

Tafla 30 sýnir að kyn ofbeldismanna var tilgreint hjá 232 brotaþolum en upplýsingar vantar um kyn ofbeldismanns hjá 34 brotaþolum. Fimm brotaþolar skilgreindu kyn sitt kynsegin og er þeim sleppt í þessari töflu til að tryggja að gögnin séu ekki persónugreinanleg.

Tafla 30 sýnir að meirihluti bæði kvenna og karla var beittur ofbeldi af körlum. Hærra hlutfall karla (eða um 21,2%) voru beittir ofbeldi af konu, borið saman við hlutfall kvenna sem beittar voru ofbeldi af konu (um 1,5%). Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslur frá árunum 2014 til 2023 sem og niðurstöður Særúnar Ómarsdóttur (2014)¹⁰ sem einnig sýndu að meirihluti karla og kvenna eru beitt ofbeldi af körlum, og að hærra hlutfall karla en kvenna eru beittir ofbeldi af konu.

Tafla 31a/b. Aldur ofbeldismanna og brotaþola þegar kynferðisofbeldið var fyrst framið árið 2024

31a. Aldur ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
10 ára eða yngri	7	1,6%
11 - 13 ára	34	7,7%
14 - 17 ára	70	15,9%
18 - 29 ára	154	35,1%
30 - 39 ára	61	13,9%
40 - 49 ára	26	5,9%
50 - 59 ára	20	4,6%
60 - 69 ára	17	3,9%
70 - 79 ára	1	0,2%
Upplýsingar vantar	49	11,2%
Alls	439	100%

31b. Aldur brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
17 ára eða yngri	257	58,5%
18 ára eða eldri	177	40,3%
Upplýsingar vantar	5	1,1%
Alls	439	100%

10 Særún Ómarsdóttir. (2014). Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 31a sýnir aldur ofbeldismanna þegar þeir beittu þolendur sem leituðu til Stígamóta árið 2024 kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Í töflunni kemur fram að rúmlega helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18-39 ára (eða um 49%). Árið 2024 voru 111 ofbeldismenn undir 18 ára aldri (eða um 25,2%). Ársskýrslur frá árunum 2009 til 2023 sýna svipaðar niðurstöður; að um eða yfir helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18 til 39 ára.

Tafla 31b sýnir aldur brotaþola þegar ofbeldismaður beitti hann í fyrsta skipti kynferðisofbeldi. Taflan sýnir að rúmlega helmingur brotaþola var undir 18 ára aldri þegar ofbeldismaður beitti þá kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Ársskýrslur árána 2020 til 2023 sýna sömu niðurstöðu eða að rúmlega helmingur brotaþola var yngri en 18 ára við fyrstu upplifun af kynferðisofbeldi.

Tafla 32. Þjóðerni ofbeldismanna árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	332	75,6%
Frá Evrópu	37	8,4%
Utan Evrópu	48	10,9%
Blandað þjóðerni	5	1,1%
Óvíst	17	3,9%
Alls	439	100%


Eins og sést í töflu 32 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 75,6%. Óvíst var um þjóðerni ofbeldismanna í um 3,9% tilfella. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram koma í ársskýrslum frá árunum 2008 til 2023. Goðsögnin um að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands fær því ekki staðist.

Tafla 33. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotaþola árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	128	47,2%
2 ofbeldismenn	60	22,1%
3 ofbeldismenn	26	9,6%
4 ofbeldismenn	14	5,2%
5 ofbeldismenn	4	1,5%
7 ofbeldismenn	1	0,4%
9 ofbeldismenn	1	0,4%
10 ofbeldismenn	1	0,4%
11 ofbeldismenn	1	0,4%
Upplýsingar vantar	35	12,9%
Alls	271	100%

Tafla 33 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotaþola ofbeldi. Eins og sjá má var í um 40% tilvika um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Ársskýrslur árána 2008 til 2023 sýna einnig að í um og yfir 30% tilvika er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða.


Í töflu 33 kemur fram að í 4 tilvikum eru 7 til 11 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili, en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.



Mynd 19. Tengsl við ofbeldismennina árið 2024


Mynd 19 sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismennina. Tölur og hlutföll á myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (439 talsins). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 18,9% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2024 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu, en um 67,7% ofbeldismannanna voru tengdir brotapolum fjölskylduböndum eða voru vinnur eða kunningjar þeirra (sjá mynd 19). Þegar litið er til ársskýrslna frá árunum 2010 til 2023 kemur einnig fram að um og yfir 70% ofbeldismanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinnur eða kunningjar þeirra. Goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi af hendi ókunnugra fær því ekki staðist.

Mikilvægt er að taka hér fram að fjöldi ofbeldisbrota á myndum 20 og 21 hér fyrir neðan er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta (tafla 5) þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotþola (271) en á þessum myndum eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (439). Til dæmis getur verið að brotþoli merki við nauðgun sem ástæða þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða, en viðkomandi brotþoli hefur kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir á mynd 21. Þá byggir fjöldi ofbeldismanna á myndum 20 og 21 eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annaðhvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotþola, teljast þeir ekki með í þessum myndum.



Mynd 20. Tengsl brotþola árið 2024 við ofbeldismenn sem beittu þá kynferðisofbeldi þegar þeir voru börn

Hlutfallið á mynd 20 miðast við þá 197 ofbeldismenn sem vitað er að beittu kynferðisofbeldi gegn barni og upplýsingar lágu fyrir um tengsl þeirra við þá sem þeir brutu á. Eins og sést á mynd 20 var um 43,1% ofbeldismanna sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum. Þetta er aðeins hærra hlutfall borið saman við sambærilegt hlutfall sem fram koma í ársskýrslu ársins 2023 (en þá var sambærilegt hlutfall 40%). Í mynd 20 sést að 13 ofbeldismenn sem beittu barn kynferðisofbeldi voru makar eða fyrirverandi makar brotþola, í þeim tilvikum var brotþoli yngri en 18 ára en í sambandi með þeim sem beitti hann ofbeldinu.



Mynd 21. Tengsl brotþola árið 2024 við ofbeldismenn sem nauðguðu þeim

Hlutfallið á mynd 21 miðast við þá 173 ofbeldismenn sem vitað var að nauðguðu og upplýsingar lágu fyrir um tengsl þeirra við þá sem þeir brutu á. Eins og sést á mynd 21 voru meirihluti ofbeldismanna sem nauðguðu makar, fyrrverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu, eða um 70%. Í ársskýrslu ársins 2023 kom einnig fram að meirihluti ofbeldismanna sem nauðguðu voru makar, fyrrverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu (en þá var hlutfallið einnig um 70%).

Tafla 34. Hefur brotþoli árið 2024 rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	304	69,2%
Já	79	18,0%
Óvíst	12	2,7%
Upplýsingar vantar	44	10,0%
Alls	439	100%

Tafla 34 sýnir að fáir brotþolar höfðu rætt ofbeldið við ofbeldismanninn, eða við 18% þeirra. Þetta er aðeins lægra hlutfall og fram kemur í ársskýrslu frá árinu 2023, en þá höfðu brotþolar rætt ofbeldið við 20,9% ofbeldismanna.

Tafla 35. Svör ofbeldismanna árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	24	35,3%
Hafnaði ofbeldinu	20	29,4%
Kenndi mér um ofbeldið	11	16,2%
Ekkert af þessu	5	7,4%
EKKI VISS	3	4,4%
Annað	5	7,4%
Alls	68	100%

Tafla 35 sýnir að í um 45,6% tilvika, þar sem brotþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og greint frá því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið. Þetta er lægra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu ársins 2023 en þá var hlutfallið 50,5%.

Tafla 36. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2024

	Allt kynferðisofbeldi		Kynferðisofbeldi gegn barni		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	168	38,3%	107	58,2%	38	25,9%
Já	97	22,1%	28	15,2%	47	32,0%
Stundum	43	9,8%	11	6,0%	24	16,3%
Óvíst	86	19,6%	38	20,7%	38	25,9%
Upplýsingar vantar	45	10,3%	-	-	-	-
Alls	439	100%	184	100%	147	100%

Í töflu 36 sést að um 38,3% allra ofbeldismanna, sem skýrslur voru fylltar út um fyrir árið 2024, voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og að 9,8% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilvikum beitti ofbeldismaðurinn brotaþola ofbeldi oftár en einu sinni). Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram koma í ársskýrslu ársins 2023, en þá voru um 38% ofbeldismanna ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og um 9,9% voru það stundum og stundum ekki.


Tafla 36 sýnir einnig að 15,2% þeirra ofbeldismanna sem beittu börn kynferðisofbeldi voru undir áhrifum vímugjafa og 6% voru það stundum. Þetta eru hærri hlutföll og fram komu í ársskýrslu ársins 2023, en þá voru um 12% ofbeldismanna sem beittu börn kynferðisofbeldi undir áhrifum vímugjafa og 3,2% voru það stundum og stundum ekki. Tafla 36 sýnir að af þeim sem nauðguðu voru 32% undir áhrifum vímugjafa. Þetta er lægra hlutfall og fram kemur í ársskýrslu ársins 2023, en þá var hlutfallið 38,7%. Tafla 36 sýnir að af þeim sem nauðguðu voru 16,3% stundum undir áhrifum vímugjafa. Þetta er svipað hlutfall en í ársskýrslu ársins 2023, en þá var hlutfallið tæplega 16%. Fjöldi ofbeldismanna sem annað hvort nauðguðu eða beittu barn kynferðisofbeldi og skilgreindir eru í töflu 36 byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um bæði tegund ofbeldis og hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið. Ef upplýsingar vantar um annað hvort tegund ofbeldis (hvort ofbeldismaður beitti kynferðisofbeldi gegn börnum eða nauðgaði) og/eða hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið teljast þeir einstaklingar ekki með í þessari töflu.

Tafla 37. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	13	3,0%
Já	68	15,5%
Óvíst	318	72,4%
Upplýsingar vantar	40	9,1%
Alls	439	100%


Eitt af því sem spurt er um í spurningalistanum um ofbeldismenn er hvort brotaþoli viti til þess að ofbeldis- maður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 15,5% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Þetta er í samræmi við upplýsingar sem liggja fyrir um að hluti kynferðisbrotamanna beiti fleiri en eina manneskju kynferðisofbeldi (sjá fyrri ársskýrslur).

Á myndum 22 til 26 hér fyrir neðan er sérstaklega skoðað hvaða aðferðir ofbeldismenn nota þegar þeir beita brotaþola kynferðisofbeldi. Rétt er að ítreka það að ofbeldismenn eru einir ábyrgir fyrir því kynferðisofbeldi sem þeir beita, óháð þeim aðferðum sem þeir nota til að beita ofbeldinu.




Mynd 22. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis árið 2024

Mynd 22 sýnir hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum ofbeldismaður beitti við ofbeldið. Þessi mynd á við um allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis og hlutföllin á myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (439). Upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantar hjá 44 ofbeldismönnum (10%). Mynd 22 sýnir að í 44,9% tilvika var engum af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt. Einnig má sjá að 22,6% ofbeldismanna beittu andlegu ofbeldi, 17,1% beittu líkamsmeiðingum og 13,7 % beittu hótunum. Þetta eru svipuð hlutföll og koma fram í ársskýrslu ársins 2023 en þá hafði hæsta hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu einhverri af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt andlegu ofbeldi (eða 28,4%). Næsthæsta hlutfall ofbeldismanna beittu líkamsmeiðingum (eða 19%) og þriðja hæsta hlutfall ofbeldismanna beittu hótunum (eða um 18,3%) samkvæmt ársskýrslu ársins 2023. Þessar niðurstöður sýna að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun, og er mjög alvarlegt þótt hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við sjálft kynferðisofbeldið.



Mynd 23. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotþola?


Mynd 23 sýnir hvað ofbeldismenn gerðu til að tryggja þögn brotþola og á við um allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (439) en samanlagt hlutfall getur orðið hærra en 100%, þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af hinum 439 ofbeldismönnum sem miðað er við á mynd 23 vantar upplýsingar um 40 (9,1%). Athyglisvert er að um 10,5% ofbeldismanna notuðu hótanir en þetta er lægra hlutfall og kemur fram í ársskýrslu ársins 2023 (þá var hlutfallið um 14,7%). Mynd 23 sýnir einnig að 9,8% ofbeldismanna kenndu brotþola um ofbeldið og er lægra hlutfall og í ársskýrslu ársins 2023 (en þá var það um 13,3%).



Mynd 24. Samanburður milli nauðgana og kynferðisofbeldis gegn barni


Mynd 24 sýnir annarsvegar hvað ofbeldismenn sem nauðguðu gerðu til að tryggja þögn brotþola og hinsvegar þeir ofbeldismenn sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni. Hlutfallið á mynd 24 miðast annarsvegar við þá 186 sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni og merkt var við hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola, og þá 151 sem nauðguðu og merkt var við hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Mynd 24 sýnir að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotþola. Þar ber sérstaklega að nefna að hærra hlutfall þeirra sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni notaði gjafir eða mútur, borið saman við þá sem nauðguðu. Hærra hlutfall þeirra sem nauðguðu kenndu brotþola um ofbeldið borið saman við hlutfall þeirra sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni (sjá mynd 24). Niðurstöður úr ársskýrslu ársins 2023 sýnir svipuð hlutföll en þar kemur einnig fram að hærra hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni gáfu gjafir eða mútuðu, borið saman við þá sem beittu nauðgunum. Einnig sýnir ársskýrsla ársins 2023 að hærra hlutfall þeirra ofbeldismanna sem nauðguðu kenndu brotþola um ofbeldið, borið saman við þá sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni.



Mynd 25. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu fyrir, á meðan eða eftir að ofbeldið átti sér stað?

Hlutföllin á mynd 25 miðast við fjölda ofbeldismanna (439) en samanlögð hlutföll verða hærri en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af hinum 439 ofbeldismönnum sem miðað er við á mynd 25 vantar upplýsingar um 44 (10%). Mynd 25 sýnir að 36,4% ofbeldismanna höfðu unnið sér inn traust brotþola og 23,9% ofbeldismanna byggðu upp tilfinningaleg tengsl við brotþola til að undirbúa eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Þessar niðurstöður eru svipaðar og í ársskýrslum frá árunum 2018 til 2023 þar sem fram kemur að hæsta hlutfall ofbeldismanna sem gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu vann sér inn traust brotþola og næst hæsta hlutfall þeirra byggði upp tilfinningalega tengsl við brotþola. Af þessu má sjá að ofbeldismenn hafa oft gert eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda því kynferðisofbeldi sem þeir beita (þetta er oft nefnt „grooming“ á ensku). Á Stígamótum lítum við svo á að kynferðisofbeldi sé alltaf og alfarið á ábyrgð þess sem beitir því.



Mynd 26. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu, greint eftir tegund ofbeldis

Mynd 26 sýnir hvort ofbeldismenn sem beita kynferðisofbeldi gegn barni annarsvegar og nauðgunum hinsvegar geri eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Hlutfallið á mynd 26 miðast annarsvegar við þá 186 sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni og merkt var við hvort þeir gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu, og hinsvegar þá 145 sem nauðguðu og merkt var við hvort þeir gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Mynd 26 sýnir að í báðum brotaflokkum unnu meira en þriðjungur ofbeldismanna sér inn traust brotaþola til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við þær niðurstöður sem fram koma í ársskýrslu ársins 2023, en þar kemur fram að meira en þriðjungur ofbeldismanna í báðum brotaflokkum vann sér inn traust brotaþola.

Athyglisvert er að hærri hlutfall þeirra sem nauðguðu unnu sér inn traust og byggðu upp tilfinningaleg tengsl til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu, borið saman við þá ofbeldismenn sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður ársskýrslu ársins 2023, en þar kemur fram að hærri hlutfall þeirra sem nauðguðu hafði unnið sér inn traust og byggt upp tilfinningaleg tengsl.

Kærð mál

Tafla 38. Kynferðisofbeldi sem kært var til lögreglu, skipt eftir tegund ofbeldis

	Allt kynferðisofbeldi		Kynferðisofbeldi gegn barni		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	362	82,5%	168	90,3%	135	90,0%
Já	35	8,0%	14	7,5%	15	10,0%
Óvíst	4	0,9%	4	2,2%	-	-
Upplýsingar vantar	38	8,7%	-	-	-	-
Alls	439	100%	186	100%	150	100%

Af öllum þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2024 (og upplýsingar voru um þá sem beittu ofbeldinu) vitum við að 8% mála komust til opinberra aðila (sjá töflu 38). Í ársskýrslum fyrir árin 1992 til 2023 kemur fram að um 4% til 17% mála hvert ár eru kærð til lögreglu. Tafla 38 sýnir einnig upplýsingar um þau mál þar sem vitað var að ofbeldismaður beitti kynferðisofbeldi gegn barni eða nauðgun, og upplýsingar um hvort mál hefðu verið kærð til lögreglu lágu fyrir. Hafa ber í huga við túlkun niðurstaðna að ef ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort nauðgun eða kynferðisofbeldi gegn barni voru kærð til lögreglu eru þau mál ekki með í ofangreindri töflu. Hærra hlutfall nauðgana hafði verið kært til lögreglu (eða 10%) borið saman við hlutfall kynferðisofbeldi gegn barni (7,5%). Í ársskýrslu ársins 2023 kemur einnig fram að hærra hlutfall nauðgana var kært til lögreglu (eða um 11,1%) borið saman við hlutfall kynferðisofbeldis gegn barni (6,6%).

Tafla 38 sýnir að meirihluti allra mála í öllum brotaflokkum sem greint er frá í töflunni voru ekki kærð til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru t.d. oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treysti sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hafi ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Þá á eftir að koma í ljós hvort breytingar á réttarstöðu þolenda sem gerðar voru árið 2022 skili sér í auknu trausti á kerfinu og jafnvel auknum fjölda kæra. Enn önnur skýring, og e.t.v. algengari en marga grunar, er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökkuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annaðhvort að hluta til eða alfarið.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur (2007)¹¹ að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

11 Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir. (2007). Íslenskir kynferðisbrotamenn: greining út frá svörum brotaþola. Lokaritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 39. Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	4	11,4%
Já	7	20,0%
Málið var felld niður	9	25,7%
Málið er í vinnslu	13	37,1%
Ekki viss	2	5,7%
Alls	35	100%

Tafla 40. Hvernig var dæmt í málinu í Héraðsdómi?

	Fjöldi	Hlutfall
Dómur ekki fallinn	1	14,3%
Sýknun	1	14,3%
Skilorð	2	28,6%
Fangelsi	3	42,9%
Alls	7	100%

Tafla 41. Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti/Landsrétti?

	Fjöldi	Hlutfall
Sami dómur	1	16,7%
Héraðsdómur hækkaður	1	16,7%
Ekki viss	4	66,7%
Alls	6	100%

Tölur 39, 40 og 41 gefa til kynna hvernig þeim kynferðisbrotamálum sem bárust Stígamótum og kærð voru til lögreglu reiddi af í dómskerfinu. Eins og sjá má í töflu 39 enduðu 20% þeirra mála sem kærð voru til lögreglu með ákæru og 25,7% málanna voru felld niður. Um 37,1% málanna voru enn í vinnslu. Af þeim 7 málum sem fóru fyrir Héraðsdóm enduðu um 71% með fangelsisdómi eða skilorði (sjá töflu 40). Þetta er hærra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu ársins 2023 (var þá 33,3%). Af þeim 7 málum sem fóru fyrir Héraðsdóm var í einu máli (14,3%) sýknun og í einu máli (14,3%) var dómur ekki fallinn. Af þeim 6 málum sem fóru fyrir Hæstarétt/Landsrétt var niðurstaðan í einu máli (16,7%) sami dómur og í einu máli (16,7%) var héraðsdómur hækkaður (sjá töflu 41). Af þessu sést að aðeins lítill hluti þeirra kynferðisbrotamála sem kærð eru til lögreglu enda með dómi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslur fyrir árin 2013 til ársins 2023.

Aðstandendur

Öll tölfræðileg úrvinnsla um aðstandendur í töflum hér fyrir neðan byggir á þeim 72 aðstandendum sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2024 og svöruðu spurningalista.

Tafla 42. Er brotapolí sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum eða hefur hann verið í viðtölum hjá Stígamótum?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	29	40,3%
Já	41	56,9%
Ekki viss	2	2,8%
Alls	72	100%

Í töflu 42 sést að í 40,3% tilvika þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árinu höfðu brotapolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar hjá Stígamótum en í 56,9% tilvika höfðu brotapolarnir sjálfir leitað til Stígamóta. Í ársskýrslu ársins 2023 kemur hins vegar fram að lægra hlutfall aðstandenda voru aðstandendur brotapola sem höfðu sjálfir leitað til Stígamóta eða um 40,8% tilvika og hærra hlutfall aðstandenda voru aðstandendur brotapola sem ekki höfðu leitað til Stígamóta eða í 45,6% tilvika. Ein skýring á þessu háa hlutfalli aðstandanda brotapola sem sjálfir hafa leitað til Stígamóta árið 2024 gæti verið sú að tveir ráðgjafar hafa síðustu ár boðið upp á fjölskyldu- og para-viðtöl fyrir brotapola og margir brotapolar hafa nýtt sér þá þjónustu.

Tafla 43a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

43a. Aðstandandi

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapola	63	87,5%
Ofbeldismanns	4	5,6%
Bæði brotapola og ofbeldismanns	5	6,9%
Alls	72	100%

43b. Tengsl aðstandanda

	Aðstandandi brotaþola		Aðstandandi ofbeldismanns	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	31	45,6%	1	11,1%
Maki	28	41,2%	-	-
Fyrrverandi maki	-	-	2	22,2%
Systkini	6	8,8%	-	-
Barn (afkomandi)	-	-	2	22,2%
Frænka/frændi	-	-	1	11,1%
Amma/afi	3	4,4%	-	-
Tengdaforeldrar	-	-	-	-
Vinur/vinkona	-	-	-	-
Önnur tengsl	-	-	3	33,3%
Alls	68	100%	9	100%

Í töflu 43a sést að um 94,4% nýrra aðstandenda eru tengdir brotaþola og um 12,5% eru tengdir ofbeldismanni. Athyglisvert er að hlutfall aðstandenda ofbeldismanns er lægra nú borið saman við niðurstöður ársskýrslu ársins 2023 (en þá var hlutfallið 23,3%). Tafla 43b sýnir annarsvegar tengsl aðstandenda við brotaþola og hinsvegar tengsl aðstandenda við ofbeldismann. Í töflu 43b sést að meirihluti þeirra nýju aðstandenda sem tengdust brotaþola voru foreldrar eða makar brotaþola (eða um 86,8%). Um 66,6% nýrra aðstandenda sem tengdust ofbeldismanni voru tengdir ofbeldismanni fjölskylduböndum; sem foreldri, fyrrverandi maki, barn eða frænka/frændi ofbeldismanns. Þetta eru svipuð hlutföll og fram koma í ársskýrslu ársins 2023 en þá var hæsta hlutfall aðstandenda brotaþola maki hans eða foreldri (eða um 84%). Einnig kom fram í ársskýrslu frá árinu 2023 að meirihluti aðstandenda ofbeldismanns tengdust honum fjölskylduböndum (eða um 75%).

Vitað er að af þeim 28 mökum sem komu á Stígamót sem nýir aðstandendur brotaþola (sjá töflu 43b) komu 9 þeirra sérstaklega til Stígamóta í pararáðgjöf með brotaþola.

Tafla 44. Kyn aðstandenda árið 2024

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	34	47,2%
Kona	38	52,8%
Alls	72	100%

Í töflu 44 kemur fram að meirihluti nýrra aðstandenda sem leituðu til Stígamóta árið 2024 voru konur (eða 52,8%). Þetta eru svipaðar niðurstöður og koma fram í ársskýrslum frá árunum 2008 til 2023 en öll árin var meirihluti aðstandenda konur.

